

AUÐUR BJÖRG JÓNSDÓTTIR
Hermaður ársins í
Heilsuakademíunni



SÁLARBLAÐIÐ
Upp, upp mín
tvítuga þjóðarsál



PÁLMI GESTSSON
Mikil eftirsjá



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. nóvember 2008 – 316. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Dýrmæt viðurkenning



Samskip hlutu á dögunum Starfsmenntaverðlaunin í flokki fyrirtækja fyrir framúrskarandi árangur í menntunarmálum.

TÍMAMÓT 16

Eddan týnd

Próstur Leó fær ekki Edduverðlaunin sín.



FÓLK 20

Lán eða lýðræði?

„Það sem vekur tortryggni er hins vegar að afar stutt er síðan sömu aðilar stóðu vörð um þá stefnu sem nú er komin í þrot. Hún var líka eini kosturinn þá að mati sömu aðila“, skrifar Sverrir Jakobsson.


Í DAG 14

Njarðvík niðurlægt

Híð ógnarsterka lið KR flengdi Njarðvíkinga vestur í bæ í gær.


ÍÞRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



HLÝINDI Í dag verða vestan 5-13 m/s, hvessir SV-til síðdegis. Úrkoma víðast hvar fyrir hádegis. Slydda eða snjókoma N-til í fyrstu en rigning V-til fram eftir degi. Hiti 0-10 stíg, hlýjast SV-til og svalast NA-til.

VEDUR 4



Óttast völd Seðlabankans

Dósent við Háskóla Íslands telur að Seðlabankanum séu færð of mikil völd í efnahagsáætlun stjórnvalda sem kynnt var í gær. Framkvæmdastjóri SA fagnar niðurstöðunni en er ósáttur við háa stýrivexti. Hagfræðingur segir stjórnvöld hafa valið „kollsteypuleið“ og frekari gengisfellingu þýða þjóðargjaldþrot.

EFNAHAGSMÁL „Það er mikið áhyggjuefni, þessi loðnu fyrirheit um að Seðlabankinn sé reiðubúinn til að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur á gengi krónunnar. Mér finnst mjög varasamt að gefa Seðlabankanum mikið svigrúm, sérstaklega í því ljósi að bankastjórnin er rúin trausti innanlands sem utan og er ekki þekkt af því að taka faglegar ákvarðanir að undanfögnu“, segir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands.

Gylfi hefur miklar efasemdir um stefnu stjórnvalda í peninga- og gengismálum eins og hún birtist í viljayfirlýsingu stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjald-eyrissjóðnum. Þar segir að miklu aðhaldi verði beitt í aðgangi bankanna að lánnum frá Seðlabankanum. Þetta segir Gylfi að þýði einfaldlega að geta bankakerfisins gæti reynst lítil til að halda efnahagslífinu gangandi.

Efnahagsáætlun stjórnvalda vegna efnahags-

kreppunnar var kynnt í gær og lögð fram sem þingsályktunartillaga á Alþingi. Fram kemur að lánsfjárbörf ríkisins er áætluð fimm milljarðar dollara; rúmlega tveir fáist frá Alþjóðagjald-eyrissjóðnum sem tekur málið fyrir á morgun. Þeir þrjár milljarðar sem upp á vantar hafa stjórnvöld tryggt frá Norðurlöndunum, Póllandi og Rússlandi.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fagnar því að málið sé í höfn. Hann gerir aðeins athugasemd við að stýrivextir skulu vera átján prósent og auk þess sé opnað fyrir frekari hækkun þeirra. „Þetta er óþarfi en ég reikna ekki með frekari hækkun- um enda tel ég þær ekki nauðsynlegar.“ Vilhjálmur segir hægt að beita öðrum aðferðum svo gengi krónunnar hækki. Auk aðgerða samkvæmt samkomulaginu við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn þurfi erlendir kröfuhafar banka- anna að eignast í þeim hluti. „Það þarf að semja

frið við erlenda lánardrottna og gera þá að eigendum að bönkunum. Þeir hafa bæði afl og getu til að þjóna íslenskum viðskiptavinum, hvort heldur er fyrirtækjum, hinu opinbera eða heimilunum, og ef þetta tvennt gengur eftir tel ég að það sé kominn grundvöllur fyrir að gengi krónunnar muni hækka.“

„Mér finnst ríkisstjórnin gefa til kynna í þessu bréfi að hún sé tilbúin til að fara koll- steypuleið, eins og ég kalla það“, segir Lilja Mósesdóttir hagfræðingur. „Það á að afnema gjaldeyrishöft strax í janúar og til þess að varna miklu gengisfalli á að hækka vexti sem allir vita að mun ekki gagnast. Um 80 prósent fyrirtækja eru nú þegar tæknilega gjaldþrota eftir þessa gengisfellingu sem nú þegar hefur orðið. Frekari gengisfelling þýðir bara þjóðar- gjaldþrot.“

Fram kemur á vef IMF að mál Íslands verði tekið fyrir á morgun. - shá / bps, þeb sjá síðu 4



FULLT ÚT ÚR DYRUM Framganga fjölmiðla undanfarin mörg ár í aðdraganda og eftir bankahrunið var harðlega gagnrýnd á fjölmönnum borgarafundi á Nasa í miðbæ Reykjavíkur í gærkvöld. Margir yfirmenn fjölmiðla sátu í pallborði á fundinum og svöruðu spurningum úr sal við misjafnar undirtektir. Fundur verður haldinn í Háskólabíói á mánudaginn kemur og er ráðherra, þingmönnum og seðlabankastjóra boðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins um helgina var stormasamur:

Guðni reiddist gagnrýni ungliða

STJÓRN MÁL Guðni Ágústsson var harðlega gagnrýndur á miðstjórnar- fundi Framsóknarflokksins um helgina. Formaður og varaformaður Sambands ungra fram- sóknarmanna gagnrýndu forystu flokksins og sögðu að tími væri kominn til þess að skipta um for- ystu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Guðni tók til máls eftir að for- maður og varaformaður SUF höfðu talað og brást mjög illa við

gagnrýninni. Hann reiddist en baðst síðan afsökunar á viðbrögð- um sínum síðar á fundinum. Sam- kvæmt heimildum blaðsins var það skoðun margra fundarmanna að viðbrögð hans við gagnrýninni hafi þó ráðið úrslitum um það að hann hafi hætt sem formaður flokksins í gær. Margrét Hauks- dóttir, kona Guðna, hafi gengið af fundinum eftir þetta atvik.

Fleiri en ungliðar gagnrýndu Guðna á miðstjórnarfundinum.

Samkvæmt heimildum blaðsins var hann minntur á það að sem ungur framsóknarmaður hafi hann sjálfur gagnrýnt forystu flokksins mikið, en þá hafi ekki verið tekið á móti gagnrýni hans af sams konar reiði og hann sýndi nú sjálfur.

Guðni sagði af sér þingmennsku í gær sem og formennsku í Fram- sóknarflokknum. Hann sat á þingi í 21 ár, þar af átta sem ráðherra.

- þeb / sjá síður 10 og 11

Hansa í greiðslustöðvun: Eignarhald West Ham í uppnámi

VIÐSKIPTI Ósk um greiðslustöðvun Hansa, eignarhaldsfélags enska knattspyrnufélagsins West Ham, var lögð fram í gær. Björgólfur Guðmundsson er aðaleigandi Hansa.

Að sögn Ásgeirs Friðgeirssonar, varaformanns stjórnar West Ham og talsmanns Björgólfs, var óskað eftir greiðslustöðvun til að tryggja hagsmuni eigna og allra lánardrottna. Sum lán félagsins hafi þá þegar verið fallin á gjalddaga.

Ásgeir segir yfirgnæfandi líkur á að í félaginu séu til eignir fyrir öllum kröfum og líklega verði hægt að fá framlengingu á greiðslustöðvunina. Hann vill ekki upplýsa um fjárhæðir.

Gera má ráð fyrir að greiðslu- stöðvunin flýti fyrir sölu á knattspyrnufélaginu.

„West ham er ein af eignum félagsins og það hefur komið fram að eigandinn er að skoða alla möguleika hvað sölu varðar,“ segir Ásgeir. - kh

Ný mynd frá Þráni Bertelssyni:

Danni og Þór snúa aftur

KVIKMYNDIR „Fyrir mína parta hefur alltaf verið sólarljóst að áður en ég geng út af sviðinu ætla ég að láta þá Danna og Þór birtast aftur. Ég yfirgef ekki tvo vega- lausa lukkuriddara á miðri ævi án þess að stýra þeim í enn meiri vandræði,“ segir Þránn Bertel- son, rithöfundur og kvikmynda- gerðarmaður.

Fyrir helgi hittust á fundi, að undirlagi Vesturports, meðal annarra Þránn, Gísli Örn Garðarsson og leikararnir Karl Ágúst Úlfsson og Eggert Þorleifsson. Þar var rætt um hugsanlega gerð nýrrar Lífs-myndar þar sem þeir Danni og Þór lenda í nýjum ævintýrum.

- jbg / sjá síðu 26

litill pastaréttur og brauðstöng
390 kr.

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 www.sbarro.is • sími 517 7750



Stöndum saman vörð um Ísland







N1 stendur vaktina hringinn kringum landið í stórum sem smáum bæjarfélögum, allt frá höfuðborginni til Grímseyjar. Þessi góðu tengsl við fólkið og fyrirtækin í landinu minna okkur nú, sem endranær, á nauðsyn þess að standa vörð um innlenda framleiðslu og þjónustu; í raun allt sem íslenskt er.

Við hjá N1 skorumst ekki undan, enda höfum við alltaf haft einbeittan ásetning um að setja íslenskt í öndvegi eins og okkur er framast kostur, til dæmis með frumkvöðlastarfi í sölu á innlendu eldsneyti - metani.

Við hvetjum Íslendinga til að standa saman. Vertu með!

Meira íslenskt í leiðinni



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
 Bandaríkjadalur	134,79	135,43
 Sterlingspund	201,32	202,30
 Evra	171,02	171,98
 Dönsk króna	22,96	23,094
 Norsk króna	19,473	19,587
 Sænsk króna	17,103	17,203
 Japanskt jen	1,3938	1,4020
<hr/>		
SDR	199,06	200,24

GENGISVÍSITALA KRÓNNUNNAR
229,8377
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hlutafélagaskrá enn með úrsagnir Jóns Ásgeirs úr stjórnnum félaga til skoðunar:

Situr enn í nýu stjórnnum fyrirtækja

VÍÐSKIPTI Stjórnarseta Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns fjölmiðlafyrirtækisins 365, er enn til skoðunar hjá Hlutafélagaskrá. Þar fékkst staðfest að Jón Ásgeir hefði sagt sig úr stjórnnum fjögurra íslenskra félaga í síðustu viku, en sitji enn í stjórnnum nýu fyrirtækja. „Málið er enn í skoðun [...] Þessi mál eru í vinnslu,“ segir Svala Hilmarisdóttir, deildarlögfræðingur og staðgengill forstöðumanns Hlutafélagaskrár. „Jóni Ásgeiri hefur verið gert viðvarnt um afstöðu Fyrirtækjaskrár í þessu máli.“ Hún vildi ekki skýra nánar hvað í því fælist, en sagði að Hlutafélagaskrá yrði að fylgja stjórnsýslulögum.



ÚRSAGNIR Jón Ásgeir Jóhannesson sagði sig úr stjórnnum fjögurra fyrirtækja í síðustu viku.

Jón Ásgeir sat, eftir því sem næst verður komist, í stjórnnum um 30 íslenskra fyrirtækja, þegar dómur féll í Baugsmálinu. Í byrjun síðustu

víku sat hann enn í 13 stjórnnum. Í gær fengust svo þær upplýsingar hjá Hlutafélagaskrá að Jón Ásgeir hafi sagt sig úr fjórum stjórnnum til viðbótar í síðustu viku og boðað úrsögn úr tveimur til viðbótar á næstunni. Samkvæmt hlutafélagalögum er þeim sem hafa hlotið dóm fyrir brot í rekstri fyrirtækja óheimilt að sitja í stjórnnum íslenskra félaga í þrjú ár eftir að dómur fellur. Jón Ásgeir var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Baugsmálinu hinn 5. júní síðastliðinn. Jón Ásgeir er stjórnarformaður 365 miðla sem gefur út Fréttablaðið.

Árni M. Mathiesen: Íhugaði afsögn

STJÓRNMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra íhugaði að segja af sér embætti en komst að þeirri niðurstöðu að halda áfram störfum. Hann greindi frá þessu í Íslandi í dag í gærkvöldi. „Það er dálítið óhjákvæmilegt þegar svona stórir hlutir gerast að maður fari yfir sinn hlut í þessu og þá sérstaklega þau ráðuneyti sem ég hef stýrt á þessu tímabili,“ sagði Árni. Eftir að hafa íhugað málið komst hann að þeirri niðurstöðu að góð staða ríkisfjármála myndi hjálpa hvað mest í gegnum efnahagskrisuna. Árni hefur verið fjármálaráðherra síðan 2005.

Fjármálakerfið: Finniskur sérfræðingur til ráðgjafar

EFNAHAGSMÁL Erlendi bankaefrtirlitsmaðurinn sem ríkisstjórnin hefur ráðið til að fara yfir regluverk þjóðarinnar um fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaefrtirlitsins hér á landi er finnskur sérfræðingur, maður að nafni Kaarlo Vilho Jännäri, fyrrverandi forstjóri finnska fjármálaefrtirlitsins. Jännäri á að fara yfir regluverkið og starfshætti við bankaefrtirlit og leggja til nauðsynlegar breytingar. Hann á einkum að beina sjónum að reglum um lausafjárstýringu, lán til tengdra aðila, áhættur, krosseignatengsl og hagsmunalegt sjálfstæði eigenda og stjórnenda eins og kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í gær.

- ghs

Minni umferð um göngin: Færri fara um Hvalfjarðargöng

SAMGÖNGUR Rúmlega 10 prósent færri bílar fóru um Hvalfjarðargöngin í október í ár en á sama tíma í fyrra. Forsvarsmenn Spalar, rekstraraðila ganganna, tengja þessa fækkun slæmu efnahagsástandi. Í ár fóru 143 þúsund bílar um göngin í október en í fyrra 160 þúsund.

- kóp

ÁRÉTTING

Vegna fréttar í blaðinu í gær vill Agnes Johansen, framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu Sögn, taka fram að unnið er að því að klára fjármögnun á kvikmynd Gríms Hákonarsonar, Sumarliandið. Henni hefur því ekki verið frestað.

Fjárförf ríkisins er milljarði dollara minni en áætlað var

Fjármagnspörf ríkisins er fimm milljarðar dollara en ekki sex. Búið er við að gengið falli umtalsvert þegar krónan kemst aftur á flot. Framganga embættis- og stjórnmálamanna verður rannsökuð sérstaklega.

EFNAHAGSMÁL Áætlun stjórnvalda til að mæta efnahagsörðugleikum þjóðarinnar gerir ráð fyrir lánapakka upp á fimm milljarða dollara, en ekki sex eins og áætlað var. Veruleg gengislækkun er talin hugsanleg eftir að gjaldeyrismarkaður verður starfhæfur að nýju. Stýrivaxtahækkun er ekki útilokuð.

Efnahagsáætlun stjórnvalda vegna efnahagskreppunnar var kynnt í gær og lögð fram sem þingsályktunartillaga á Alþingi. Áætlunin verður rædd þar á næstu dögum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kynntu áætlunina. Þau gera ráð fyrir að ef efnahagsáætlunin gengur fyrir sig eins og lagt er upp með þá muni ástandið hér á landi lagast hratt frá því sem nú er. Borðlagt sé að verðbólga hækki tímabundið en hún muni ganga hratt niður. „Við munum horfa fram á allt annað ástand þegar kemur fram á árið 2010,“ sagði Geir.

Fram kom að nú sé lánsfjárförf ríkisins áætluð fimm milljarðar dollara; rúmlega tveir fáist frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem tekur málið fyrir á morgun. Þeir þrjú milljarðar sem upp á vantar hafa stjórnvöld tryggt frá Norðurlöndunum, Póllandi og Rússlandi. Engin skýr svör fengust við spurningum blaðamanna um hverju það sætti að lánsfjárförfin væri minnari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Geir sagði lækunina til komna vegna þess að nýjasta yfirlýsing sýndi að sex milljarðar væri of mikið. „Þetta er það sem metið er að þurfi til að hafa nægan viðbúnað á gjaldeyrismarkaðnum. Þetta er bara afleiðd stærð út frá því sem menn ætla að þar eigi sér stað.“

Hugsanlegt er talið að mikið fjármagnsflæði úr landi leiði til verulegrar viðbótarlækkunar á gengi krónunnar. Í áætluninni segir að slíkt gæti valdið stórskaða á efnahag þjóðarinnar allrar og miklum samdrætti í efnahagslífinu. Því verði að styrkja krónuna með öllum ráðum. Fram kom að ómögulegt sé að reikna út hversu mikið gengið gæti veikt. „Allt slíkt eru ágískanir. Það getur enginn sagt nákvæmlega um það hvernig markaðurinn mun haga



RÁÐHERRABÚSTAÐURINN Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kynntu efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar í gær. Mikil óvissa virðist vera um áhrif hennar á þróun efnahagslífsins næstu mánuðina.

sér eftir að hann er kominn í gang,“ sagði Geir. Stýrivextir voru hækkaðir í 18 prósent 28. október. Samkvæmt áætlun stjórnvalda er Seðlabankinn reiðubúinn að hækka vexti enn frekar. Geir og Ingibjörg voru spurð út í töluir sem koma fram í viljayfirlýsingu um að lánsfjárförfin væri 24 milljarðar dollara en ekki sex. Kom fram að um skuldbindingu einkaaðila væri að ræða og yrði afskrifaður vegna greiðsluþrots bankanna. Sérstakur saksóknari mun rannsaka hugsanlega saknæma háttsemi í bönkum, hjá stofnunum og stjórnmálamönnum. Finnist eitthvað misjafnt verður því vísað til sérstaks saksóknara.

svavar@frettabladid.is

MOLAR ÚR EFNAHAGSÁÆTLUN

1. Brúttókostnaður ríkisins vegna innstæðutrygginga og endurfjármögnunar viðskiptabankanna og Seðlabankans gæti numið 80% af landsframleiðslu.
2. Búið er við að vegar skuldir þjóðarbúsins aukist úr 29% af landsframleiðslu í 109% í árslok 2009.
3. Áætlað að verðbólga verði 4,5% fyrir árslok 2009.
4. Frekari hjöðnun verðbólgu árið 2010.

Ekki missa af lokaárinu!

Disney

HIGH SCHOOL MUSICAL 3 LOKAÁRÍÐ

Byggð á samnefndri kvikmynd

Edda edda.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

STYTTIR UPP Á MORGUN
Í dag verður dálítil væta um allt land en það styttr upp á morgun, þó ekki hægt að útiloka skúrir eða el á stöku stað, einkum norðanlands. Á fimmtudag kólnar töluvert með snjókomu norðan- og austanlands en bjartviðri syðra. Talsvert frost verður á föstudag en úrkomulaust.

Á MORGUN 8-20 m/s, stífastur SV-til.
FIMMTUDAGUR 5-10 m/s.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	7°
Billund	8°
Ósló	5°
Stokkhólmur	6°
Gautaborg	7°
London	11°
Paris	11°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	5°
Berlín	6°
Alicante	18°
Mallorca	15°
Basel	7°
Eindhoven	11°
Las Palmas	22°
New York	5°
Orlando	18°
San Francisco	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegis.



sérþekkingu persónuleg árangur

EIGNASTÝRING MP - traustsins verð

MP Banki er ört vaxandi og framsækið fjármálafyrirtæki sem var stofnað af Margeiri Péturssyni árið 1999. Bankinn býður heildarlausnir í eignastýringu fyrir einstaklinga og fyrirtæki með mismunandi áherslur, annast miðlun verðbréfa á innlendum og erlendum mörkuðum og fæst við margvíslega þjónustu og ráðgjöf til einstaklinga, stærri og smærri fyrirtækja og opinberra aðila.

Þann 13. október 2008 var bankanum veitt viðskiptabankaleyfi. Þetta hefur nú þegar gert bankanum kleift að taka við innlánnum sem njóta sömu ábyrgðar og innlán hjá öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi. MP Banki er þakklátur fyrir það traust sem honum hefur verið sýnt.

Hjá MP Banka starfar hópur sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, þekkingar og viðtækrar reynslu.

Það hefur aldrei verið jafn mikilvægt og einmitt nú að taka vel ígrundaða ákvörðun um ráðstöfun sparifjár. Huga þarf að því hvort fjármálafyrirtæki séu traustsins verð og hafi hagsmuni viðskiptavina í fyrirrúmi.

Eignastýring MP Banka hefur fundið fyrir mikilli ánægju viðskiptavina á undanförunum vikum og mánuðum. Það sem af er árinu 2008 hefur viðskiptavinum Eignastýringar fjölgað um helming og fjármunir í stýringu nærri tvöfaldast.

MP Banki býður virka stýringu og sveigjanleika og hefur hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Ávinningur viðskiptavina og bankans fer ávallt saman.

Þrátt fyrir umtalsverða óvissu um horfur í efnahagsmálum eru ýmsir kostir fyrir sparifjáreigendur og fjárfesta. Öryggi er það sem flestir leita eftir. Heiðarleg þjónusta og öryggi er það sem MP Banki býður.

Við erum traustsins verð.

Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig.



Vakt allan sólarhringinn



Gögnin eru örugg




Eitt númer fyrir alla þjónustu



Fullkominn vélasalur



Minni kostnaður - meiri afköst



Sveigjanleg samskipti

ENNEM/SLA/INN/901



Sími



Netið



Vist

Öll kerfi á einum stað í Vist

Losaðu fyrirtækið við umstang, áhyggjur og óþarfa kostnað. Sendu tölvukerfið í Vist og láttu Símann sjá um netþjóna, rekstur og viðhald, leyfismál vegna hugbúnaðar, samskiptakerfi og öruggar gagnatengingar. Með föstum og fyrirsjáanlegum mánaðargreiðslum og einum þjónustuaðila bætirðu reksturinn og einfaldar verkferla.

800 4000 • siminn.is

Það er **Símann** 





1. Hvaða kvikmynd fékk flest verðlaun á Edduverðlaunahátíðinni?
2. Hvaða íslenski sjónvarpsþáttur gæti hugsanlega orðið tölvuleikur á næstunni?
3. Hver hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Áfram barist í Kongó:

Flóttamönnum ekki hleypt inn

KONGÓ, AP Áfram er barist í Kongó þrátt fyrir að Laurent Nkunda uppreisnarleiðtogi hafi lofað Sameinuðu þjóðunum að virða vopnahlé.

Um 250 þúsund manns hafa hrakist að heiman síðan átökin hófust í ágúst síðastliðnum.

Í austurhluta landsins eru heilu þorpin nánast orðin mannlau.

- gb

UTANRÍKISMÁL

Opinber heimsókn

Jørgen Niclasen, utanríkisráðherra Færeyja, er hér í opinberri heimsókn með konu sinni í boði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra. Í dag funda þau um framkvæmd og þróun fríverslunarsamnings Íslands og Færeyja, auk þess að ræða gjaldryðislan Færeyja til Íslands.

NEISTAR AF NEISTA: Hönnun á Íslandi

Grein 5 af 8

Að finna hljóminn í íslenskri hönnun

Aukin samvinna hönnuða og fyrirtækjarekenda

Leiða þarf hönnuði og fyrirtæki mismunandi landsvæða saman og efla samstarf þeirra við atvinnuþróunarfélög, nýsköpunarsjóði og fjárfesta. Aukið samstarf og samræða stuðlar að gagnkvæmum skilningi, markvissum lausnum á vandamálum og skýrleika í gerð framtíðarárforma. Kynna þarf betur hlutverk og mikilvægi hönnunar í nýsköpun. Hönnun er ekki einungis útlitshönnun er kemur síðar til leiks heldur getur hún virkað sem nauðsynlegur hvati í vöru og þjónustubrúun. Hún er skapandi þáttur í gerð viðskipta-hugmynda er getur haft marföldunarhrif. Því er brýnt að hugvit, þekking og kunnátta hönnuða séu virkjuð í upphafi rannsókna og vinnsluferla þegar grundvallar-ákvarðanir eru teknar varðandi hvert verkefni og mögulega framtíð þess. Þekkt ensk rannsókn (The Impact of Industrial Design Effectiveness on Corporate Financial Performance) á vægi hönnunar í atvinnurekstri hefur sýnt að þau fyrirtæki sem nota hönnun markviss frá frumstigum hafa skilað betri afkomu og hagnaði. Auk þess eru hönnuðir mikilvægir tengiliðir er snerta marga fleti svo sem þróunar-, framleiðslu-, markaðs- og sölubætti. Mikilvægt er að vita hvernig landið liggur og greina vel hvar greiðfærar leiðir liggja áður en lagt er á stað.

Efling framleiðslumenningar

Skapa þarf öflug tengsl erlendis

á sviði fræðipekkingar ekki síður en á sviðum framleiðslu- og verkþekkingar og stuðla að samstarfi við hönnunarfyrirtæki sem búa að langri reynslu og sérþekkingu. Framleiðslumenning hér á landi er enn smá í sviðum og þarfnast uppbyggingar.

Greina þarf mismunandi þarfir vörühönnunar af þekkingu, t.d. þarfnast ullarframleiðandi ólíkrar nálgunar en hugbúnaðar- og tækjafremleiðandi. Leiðin er löng frá hugmynd til framkvæmdar og skortur er á haldgðri þekkingu einstakra þátta ferlisins hér á landi.

Þar sem fjölbreytileikinn innan hönnunarferla er mikill þarf að hlúa að öflugum tengslaneti við erlenda aðila til þess að mögulegt sé að fullvinna ýmsar iðnaðarvörur hér á landi með góðum árangri. Stuðla ætti að stofnun verkfræðiskrifstofa er leysa flókin hönnunarvandamál og endurhuga aðkomu fjárstuðnings að sprötafyrirtækjum hönnuða til að greiða fyrir og efla vöxt þeirra. Með auknum stuðningi og skilningi verður með tímanum hægt að fullvinna iðnaðarvörur hér á landi og greiða farvegi fyrir fjölbreytt hönnunarfyrirtæki.

Markviss markaðssetning

Skilgreina þarf séreinkenni íslenskrar hönnunar sem eru sprottin út frá menningu okkar og landsháttum þ.e. að finna íslenska hljóminn. Enn er lítið til af sérþektri íslenskri hönnun en möguleikarnir eru margir og áhugi



ÍSLENSK HÖNNUN

heimsbyggðarinnar mikill. Fanga þarf athygli erlendis út frá sérstöðu okkar og fylgja markviss eftir heildrænni markaðssetningu íslenskrar hönnunar. Jafnframt þarf hugsa vel um tengslin á milli framsækinna hönnunar og markaða innanlands sem og erlendis.

Styrkja þarf markaðssetningu á íslenskri hönnun erlendis með stofnun umbodsfyrirtækja sem sinna fjölbreyttum verkefnum. Hönnunarmiðstöð og Útflutningsráð eru þegar að taka fyrstu skrefin í þá átt en betur má ef duga skal.

Íslensk hönnun framtíðarinnar

Stofna þarf vinnuhóp sem setur fram á greinargóðan hátt veikleika jafnt sem styrkleika innan hönnunar á Íslandi. Verkefni hans væru m.a. að greina sérstöðu einstakra landsvæða og Íslands sem heildar, stuðla að öflugum tengsl-

Í HNOTSKURN

Íslensk hönnun býr yfir skapandi affli sem getur styrkt íslenskt samfélag og stuðlað að fjölbreyttu atvinnulífi. Öll nýsköpunarverkefni þarfnast hugvits og þekkingar hönnuða. Mikilvægt er að hönnuðir komi fljótt að verkefnum hvort sem það er hjá fyrirtækjum, hinu opinbera eða á öðrum vettvangi. Ríkjandi tilhneiging hefur verið að fá hönnuði of seint inn í ferli í stað þess að virkja reynslu þeirra á frumstigum þróunar vöru og verkefna. Þegar eru í gangi mörg áhugaverð verkefni þar sem hönnuðir vinna að verkefnum sem tengjast íslenski arfleidd eins og söfnum, landbúnaðar- og matarmenningu, ferðaþjónustu og iðnframleiðslu. Mikilvægt er að styðja vel við þessi verkefni og leiða saman hönnuði, fjárfesta, viðskipta- og markaðsaðila til þess að skapa ný og margbreytileg tækifæri á Íslandi.

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, og Sigurður Þorsteinsson iðnhönnuður höfðu umsjón með samræðu og vinnslu útgangspunkta á vinnuborði um hönnun.

um innanlands jafnt sem alþjóðatengslum, efla samvinna hönnuða og fyrirtækja, skapa framtíðarsýn íslenskrar hönnunar og staðsetja hana innan markaða erlendis. Markmið vinnuhópsins verður að koma því einstaka sem Ísland býr yfir inn á alheimskortíð.

Björk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn natura.info. Um hundrað sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflökkum. Fréttablaðið birtir tillögurnar næstu daga. Nánari upplýsingar má finna á natura.info.

SKÓR Í MIKLU ÚRVALI!

HERRA SPARISKÓR ST. 40-46
3.990,-

DÖMU KULDASKÓR ST. 36-42
3.490,-

INNISKÓR ST. 40-46
1.290,-

SPORTSKÓR ST. 35-46
2.990,-

INNISKÓR ST. 40-46
1.490,-

DÖMU INNISKÓR ST. 36-42
1.290,-

GÖNGUSKÓR ST. 36-46
4.990,-

ÍDRÓTTASKÓR ST. 35-46
2.990,-

DÖMU INNISKÓR ST. 36-42
1.290,-

GÖNGUSKÓR ST. 35-46
2.990,-

ÍDRÓTTASKÓR ST. 35-46
3.990,-

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

RUMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



Jólatilboð
kr. 171.920,-

Jólatilboðin í fullum gangi

Chiro Royal heilsurúm - 160x200cm




- 7 svæða heilsu- og hægindalag.
- Eurotop yfirdýna.
- Lagar sig að hálsi, öxlum og mjóhrygg.
- Nýjar kantstyrkingar - meiri svefnflötur.
- Val um leður- og efnisbotna - í 3 litum.
- Þú þarft aldrei að snúa henni.
- 30 daga skila- og skiptiréttur.

Jólagjafirnar fást hjá okkur



Temprakon hitajöfnunarsokkar
 Stærð: 36-45

Jólatilboð: **Kr. 5.900**



Temprakon hitajöfnunarsæng
 100% hreinn gæsadúnn
 Stærð: 140x200

Jólatilboð: **Kr. 31.920**



Joop sængurver
 Stærð: 140x200

Jólatilboð: **Kr. 13.520**



Tempur inniskór
 Stærð: 36-45

Jólatilboð: **Kr. 7.700**

Betra
BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
 Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
 Ópið virka daga frá kl. 10-18
 Laugardaga frá kl. 11-17

GUÐNI ÁGÚSTSSON HÆTTIR Í STJÓRN MÁLUM

Farsæll forystu- maður kvaddur

„Við fram- sóknarmenn horfum á eftir farsælum for- ystumanni og ég virði þessa ákvörðun sem hann tók,“ segir Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsókn- arflokksins.



BIRKIR JÓN JÓNSSON

„Það sem stendur upp úr og maður finnur fyrir alls staðar er að það er mikil eftirsjá að honum, bæði meðal samstarfs- aðila í þinginu og örugglega hjá framsóknarfólki öllu vítt og breitt um landið.“

Birkir Jón segir það orðinn lang- þráðan draum framsóknarfólks að forysta flokksins sé samstiga og gangi í takt. „Ég hef trú á því að fólk geri enn ríkari kröfur til þess nú í framhaldinu.“

- þeb

Yfirgefur blóðvöll



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Á dauða mínum átti ég von en ekki því að Guðni Ágústsson myndi í senn segja af sér þing- mennsku og formennsku,“ segir Óssur Skarphéð- insson iðnaðarráðherra. „Ég er sannarlega þakklátur fyrir að hafa kynnst honum hér og átt með honum gott samstarf.“ Óssur segir að svo virðist sem Guðni hafi lent algerlega undir í sínum flokki í umræðum um Evrópumálin og hafi því kosið að yfirgefa þann „blóðvöll sem þingflokkur Fram- sóknarflokksins er“.

Kallar ekki á fleiri afsagnir

„Ég er slegin yfir þessum tíðindum,“ segir Siv Friðleifsdóttir, formaður þingflokks Framsókn- arflokksins.



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

„Það er mjög mikill missir að Guðna. Hann var mikill drengskaparmað- ur, vinsæll í kosningum og drengur góður. Ég sé mjög mikið eftir honum. Hann var einn heiðarleg- asti stjórnmálamaðurinn sem ég hef kynnst.“ Spurð hvort afsögn Guðna kalli á afsögn annarra í forystu flokksins sagðist hún ekki telja það. Spurð hvort hún muni sækjast eftir formannsstólnum segir Siv: „Ég hafði ekki gert ráð fyrir því, það hafði ekki verið á dagskrá hjá mér. Ég á erfitt með að svara því á þessari stundu.“

Mikið áfall



HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR

„Það er skammt stórra högga á milli,“ segir Helga Sigrún Harðardóttir, þingmaður Framsókn- arflokksins. „Guðni hefur leitt flokkinn af lífi og sál, og þess vegna er þetta mikið áfall fyrir okkur sem fengum þessar fréttir í dag.“ Hún segir að Guðni hafi kynnt þingmönnum Framsókn- arflokksins um ákvörðun sína á fundi skömmu áður en þingfor- seti las upp bréf Guðna þar sem tilkynnt var opinberlega um afsögn hans.

Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknarflokksins:

Óvíst um framboð

STJÓRN MÁL „Þetta kom mér á óvart en ég virði þessa ákvörðun hans. Og það er rétt að minna á að Guðni tók við flokknum við mjög erfiðar aðstæður þegar Jón Sigurðsson hætti skyndilega,“ segir Valgerður Sverrisdóttir sem í gær varð formaður Fram- sóknarflokksins við afsögn Guðna Ágústssonar.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Valgerður kveðst axla þá ábyrgð að gegna formannsembættinu fram að flokksþinginu í janúar en óvíst sé hvort hún sækist þá eftir

kjöri. „Mitt hlutverk núna er fyrst og fremst að undirbúa flokksþingið og þá málefnavinnu sem þarf að fara fram.“

Guðni og Valgerður settust samtímis á þing árið 1987 og sátu saman í ríkisstjórnnum frá 1999 til 2007. Hún segir Guðna hafa sett mikinn svip á stjórnmálin alla sína tíð og haft miklar hugsjónir. „Hans meginhugsjón var að vinna vel fyrir land og þjóð og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ferill

TVENN TÍMAMÓT

Valgerður Sverrisdóttir gegnir fyrst kvenna formennsku í Framsókn- arflokknunum. Hún er fimmtándi formaður flokksins í 92 ára sögu hans. Við afsögn Guðna Ágúst- sonar verður Eygló Harðardóttir þingmaður. Þar með eru fjórar konur og þrjú karlar í þingflokki Framsóknarflokksins. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta sinn sem konur eru í meiri- hluta í blönduðum þingflokki.

hans sem landbúnaðarráðherra var glæsilegur og að mínu mati breytti hann ímynd landbúnaðar- ins og styrkti greinina.“

- bps

Nýr þingmaður Framsóknar:

Eygló í sæti Guðna á þingi

STJÓRN MÁL Eygló Harðar- dóttir tekur sæti Guðna Ágústssonar á Alþingi.

Eygló hefur meðal annars unnið hjá Atvinnuþróun- arfélagi Suðurlands og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Fram- sóknarflokkinn.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

ÁFRAM ÍSLAND - fyrir hag heimilanna

Fundarherferð ASÍ um landið í samstarfi við aðildarfélögin

Í dag: Reykjanesbær, Fjölbrautarskólinn - kl. 18.00

- Staðir: Akranes, Grundaskóli - 19. nóvember kl. 20.00
- Ísafjörður, Edinborgarhúsið - 20. nóvember kl. 20.00
- Akureyri, Sjallinn - 24. nóvember kl. 17.15
- Egilsstaðir, Hótel Hérað - 25. nóvember kl. 20.00
- Selfoss, Hótel Selfoss - 26. nóvember kl. 18.00
- Reykjavík - Útifundur á Ingólfstorgi - 27. nóvember kl. 17.00

Dagskrá: Áfram Ísland - fyrir hag heimilanna. Hvert skal halda? Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Pallborð: Formenn landssambanda og stærstu félaga ASÍ sitja fyrir svörum Tónlistaratriði, skipulagt í samvinnu við FÍH Forystumaður stéttarfélags í heimabyggð kynnrir drög að ályktun fundarins Í lokin verður boðið upp á kaffisþjall



Alþýðusamband Íslands

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
663 -0,25%Fjöldi viðskipta: 70
Velta: 291 milljón

MESTA HÆKKUN

↑ FÆREYJABANKI 1,10%

MESTA LÆKKUN

↓ ATLANTIC PETROL 19,00%
ATORKA GROUP 7,69%
CENTURY ALUMIN. 7,06%

GENGISVÍSITALA KRÖNNUNAR:

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,70 +0,00% ... Atorka 0,60 -7,69% ... Bakkavör 3,25 -1,52% ... Eimskipafélagið 1,34 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,20 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 88,00 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 109,50 -0,46%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Ámælisvert að selja hlutabréfin

Sala Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, á hlutabréfum Landsbanka Íslands var rædd á Alþingi í gær.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, fullyrti á Alþingi í gær, að það væri ámælisvert að Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti, hefði selt hlutabréf í Landsbankanum.

Baldur seldi fyrir hrun, en eftir að hann tók þátt í fundi með Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, ásamt Björgvini G. Sigurðs-syni viðskiptaráðherra. Þar var fjallað um alvarlega stöðu Landsbankans og áhyggjur Breta af Icesave-reikningum.



HELGI HJÖRVAR



ÁRNI M. MATHIESEN

Helgi spurði fjármálaráðherra um margt sem þetta varðar, meðal annars hvort ráðherra hefði vitað um hlutabréfaeignina. Árni M. Mathiesen sagðist ekki hafa vitað um hlutabréfaeign Baldurs. Þá taldi hann að þegar Baldur seldi hlutabréfin sín, hefði hann ekki búið yfir ríkari upplýsingum en aðrir á markaði. Svo hefði Baldur skýrt málin „og ég tel enga ástæðu til að bera brigður á það“, sagði Árni.

- ikh

Kreppan komin vestur um haf

Kreppa er í Bandaríkjunum og má reikna með samdrætti fram á næsta vor. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum Landssamtaka hagfræðinga (e. The National Association of Business Economists) í Bandaríkjunum sem birtar voru í gær.

Í niðurstöðunum eru taldar líkur á að hagvöxtur dragist saman um 2,6 prósent á fjórðungnum og um 1,3 prósent í byrjun næsta árs. Þetta kemur til viðbótar samdrætti í efnahagslífinu síðustu tvo ársfjórðunga.

Þetta er þvert á væntingar enda mánuður síðan spáð var 0,1 prósent hagvexti vestanhafs á fjórðungnum.

- jab

Ole Vagner kaupir aftur

Fasteignapróunarfélagið Landic Property hefur selt um þriðjung af eignasafni sínu í Svíþjóð til Ole Vagner, fyrrverandi forstjóra og eiganda Keops.

Danska viðskiptablaðið Börsen greindi frá þessu fyrir helgi, en þar kemur fram að með kaupnum hafi Vagner viljað forða hugsanlegu milljarða tapi. Fasteignirnar eru sagðar tæpra fimm milljarða danskra króna virði, eða tæplega 110 milljarða króna miðað við skráð gengi í gær.

„Ekki eru nema tvö ár síðan Keips keypti Kungsléna-eignarmöppuna [sænsku] fyrir 5,4 milljarða,“ segir Börsen. En Stoðir, síðar Landic Property, keyptu Keops snemmsumars í fyrra.



OLE VAGNER

„Við létum nægja að tilkynna þetta Kauphöllinni í Danmörku þar sem þetta hefur engin áhrif á eigendur hér,“ segir Páll Benediktsson, talsmaður Landic Property. Hann segir að við sölu látti nokkuð á rekstri félagsins þar sem dragi úr afborgunum af lánum, en viðskiptin séu í mikilli við samvinnu við Ole Vagner.

„Hann var stór eigandi í þessu og afráðið að betra væri að hann tæki þetta yfir í bili,“ segir Páll, en í sölusamningnum er ávæði um að Landic Property fái hluta af hagnaði selji Vagner eignirnar, auk þess sem félagið á endurkauparétt á hlutnum fram í lok janúar. „Þannig að við sjáum til hvernig málin þróast.“

- óká

Bretar stöndugri með pund

Það er fjarstæða að telja að Bretar geti komist undan yfirstandandi vanda í efnahagsmálum með evruna í vasanum.

Þetta segir Daniel Hannan, fyrrverandi ráðgjafi Michaels Howard, leiðtoga breska Íhaldsflokksins, og þingmaður breska Íhaldsflokksins á Evrópuþinginu, á vef breska blaðsins Telegraph um helgina.

Hannan er kunnur fyrir andstöðu sína gegn ESB og hefur haldið erindi um það hér á landi.

Skrif hans birtust í framhaldi af mikilli veikingu pundins síðastliðna tólf mánuði. Pundið stóð í hæstu hæðum fyrir ári en hefur fallið um þrjátíu prósent síðan þá, hefur nú ekki verið veikara í rúm sex ár.

Hann segir Breta stöndugri utan við evrusamstarf. Hefðu þeir tekið upp evruna fyrir einu og hálfu ári, þegar gengi pundins var sterkara, megi reikna með að aðstæður í Bretlandi væru verri en nú, laun þrjátíu prósentum lægri og atvinnuleysi meira. Stjórnvöld hafi betri stjórn á efnahagsmálum með sjálfstæðri mynt.

Gengisfall pundins helst í hendur við stýri-vaxtalækkun Englandsbanka gegn áhrifum



BRESK PUND Aðgerðir breska seðlabankans gegn áhrifum fjármálakreppunnar hafa þrýst breska pundinu niður.

lausafjárekreppunnar á árinu, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar, sem vitnar til þess að líkur séu á frekari vaxtalækkun á næstunni.

- jab

www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR
ERU EINFALDLEGA **BETRI** EN AÐRIR

ÚRVALSBÍLL Kletthálsi 2
Toyota RAV4
2000 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 04.01 Ekinn: 119.000 km
Verð: 1.350.000 kr. Skr.nr. ZS-985
Tilboð 1.050.000 kr.



ÚRVALSBÍLL Kletthálsi 2
Toyota Avensis Sol
1800 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 39.000 km
Verð: 2.930.000 kr. Skr.nr. BI-325
Tilboð 2.590.000 kr.



ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4
Toyota Avensis W/G EXE
2000 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 10.07 Ekinn: 14.000 km
Verð: 4.050.000 kr. Skr.nr. GSD70
Tilboð 3.690.000 kr.



ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4
Toyota Corolla Dísel
1400 dísel, 5 gíra
Á götuna: 02.08 Ekinn: 4.000 km
Verð: 2.890.000 kr. Skr.nr. HZK74
Tilboð 2.690.000 kr.



ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4
Toyota Yaris Sol
1300 bensín, 5 gíra
Á götuna: 06.07 Ekinn: 36.700 km
Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. YN-013
Tilboð 1.590.000 kr.



ÚRVALSBÍLL Kletthálsi 2
Toyota Yaris Sol
1300 bensín, 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 59.000 km
Verð: 1.600.000 kr. Skr.nr. RD-821
Tilboð 1.350.000 kr.

BNB-sölugreining

Bílnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

NÝTT ÚTIBÚ

Betri Notaðir Bílar
Kletthálsi 2
Reykjavík
Sími: 570-5220

Byssur á betra verði

Stoeger og Beretta ES haglabyssur á tilboðsverði



Stoeger P350
Fullt verð 46.900. Nú á tilboði aðeins 32.830



Stoeger P350
Fullt verð 49.900. Nú á tilboði aðeins 34.930



Stoeger Model 2000
Fullt verð kr. 69.900. Nú á tilboði aðeins 48.930



Stoeger Model 2000
Fullt verð kr. 75.900. Nú á tilboði aðeins 53.130



Stoeger Model 2000
Fullt verð kr. 84.900. Nú á tilboði aðeins 59.430



Beretta ES
Fullt verð 112.900. Nú á tilboði aðeins 79.030



Beretta ES
Fullt verð 124.900. Nú á tilboði aðeins 87.430



Beretta ES
Fullt verð 118.900. Nú á tilboði aðeins 83.230



Beretta ES
Fullt verð 129.900. Nú á tilboði aðeins 90.930



Beretta ES
Fullt verð 139.900. Nú á tilboði aðeins 97.930

Stoeger P350. Vinsæl pumpa með snúningsboltanum frá Benelli.
Gerð fyrir 2 3/4", 3" og 3 1/2" skot
26" hlaup, 3 þrengingar og ólarfestingar. Bestu kaupin í pumpum.

Stoeger Model 2000. Einhver vinsælasta haglabyssan hér á landi undanfarin ár. Tekur 2 3/4" og 3" skot.
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift haglabyssu með snúningsboltanum frá Benelli og skiftingu frá Franchi.
26" hlaup. 5 þrengingar og ólarfestingar. Bestu kaupin í hálfsjálfvirkum.

Beretta ES100. Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með gamla Benelli boltanum.
26" hlaup, 3 þrengingar og ólarfestingar. Auðvelt að hreinsa og smyrja þar sem efri hluti láshúss fylgir hlaupinu þegar það er tekið af. Glæsileg byssa á frábæru verði.



SPORTBÚÐIN



Munið vinsælu gjafabréfin okkar



VEIÐIHORNIÐ

Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 • Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410
veidihornid.is - sportbudin.is



JÓLASMÁKÖKURNAR er ágætt að baka sem fyrst. Síðan er ekki vitlaust að vinda sér bara í að borða þær þannig að þær verði flestar búnar áður en jólin koma og enginn hefur pláss fyrir þær með öllum jólamatnum og konfektinu.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Patti lagersala
landsins mesta úrval af sófasettum

VERÐHRUN

Íslensk framleiðsla
Yfir 200 tegundir af sófasettum

verð frá
69.900,-

Verðdæmi:
Roma Verð kr. 139.900,-
Aspen Verð kr. 174.900,-
Aspen-Lux Verð kr. 269.900,-



Bonn Verð kr. 153.900,-

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Kom, sá og sigraði. Auður Björg Jónsdóttir var valin Hermaður ársins og hafði 20 sekúndna forskot á andstæðinga sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ætlaði sér alltaf að sigra

Auður Björg Jónsdóttir sigraði í keppninni um Hermann ársins sem var nýlega haldin í Heilsuakademíunni. Auður hefur æft herþjálfun um tveggja ára skeið og segist þar hafa fundið líkamsrækt við sitt hæfi.

„Mér fannst gaman að vinna. Ég var leyst út með gjöfum, inneign á námskeið og fatnað frá Heilsuakademíunni. Svo fékk ég auðvitað farandbikarinn,“ segir Auður Björg Jónsdóttir, sem varð hlutskörpust í flokki kvenna í keppninni Hermaður ársins sem fór fram í Heilsuakademíunni á dögunum.

Auður náði tímanum 1:17 mínútur og sigraði með 20 sekúndna forskoti á andstæðinga sína. Hún bætti um leið eigin tíma frá því í fyrra um 30 sekúndur þegar hún sigraði einnig í keppninni. Hún segir ekki annað hafa komið til greina en að taka þátt í ár og hafi hún verið enn staðráðnari að vinna en síðast.

„Ég sigraði í fyrra þannig að það var mikil pressa að vinna aftur í ár. Þá tók ég þátt upp á grín og

vann og fannst ég því þurfa að verja titilinn í ár. Ég var miklu ákveðnari að sigra núna og gaf ekkert eftir,“ segir Auður og bætir við að hún hefði aldrei tekið þátt nema eygja von um sigur. „Þannig hugsaði ég og gerði svo mitt besta.“

Í keppninni Hermaður ársins etja kappi þátttakendur af herþjálfunarnámskeiðum Heilsuakademíunnar og fer keppnin fram í sérstakri herþjálfunarbraut. Markmiðið er að komast yfir hvers kyns hindranir, svo sem klifurveggi og kefli, og ljúka keppni á sem skemmstum tíma. „Brautin minnir að mörgu leyti á fitnessbrautir en þrautirnar eru fleiri og engu þungu þarf að lyfta. Þetta er meira og minna hopp allan tímann og sleppi maður þraut eru dregin af manni stig,“ segir Auður og

bætir við að samkeppnin hafi verið hörð. „Við vorum þrettán. Þetta eru allt þrusustelpur.“

Auður, sem er lögmaður að mennt, hefur æft herþjálfun um tveggja ára skeið og segist í fyrsta sinn hafa fundið líkamsrækt við sitt hæfi. „Yfirleitt finn ég fljótt fyrir leiða, en þar sem þetta er svo fjölbreytt, stöðvaþjálfun, sprett-hlaup og fleira, hefur mér þótt þetta gaman. Eygló, sem heldur utan um námskeiðin, er dugleg að brydda upp á alls kyns skemmtilegum nýjungum.“

Spurð út í mataræðið segist Auður vera svo heppin að geta verið mátulega kærulaus í þeim efnum. „Ég get borðað nánast hvað sem er en auðvitað er gott að borða hollan og sérstaklega kolvetnisríkan mat fyrir svona keppni.“

roald@rettabladid.is

Oxyal™ Augndropar

Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.

Fæst í apótekum

Kripalu | DansKinetics®

Dansjóga

Njóttu þess að dansa!

Maria Eiríksdóttir

Námskeið hefst 21. nóvember í Heilsuþyrlingunni Hafnarfirði

Vertu með í fjörinu!

Skráning í síma 848 5366 | www.pulsinn.is

Kafbátur mánaðarins

NÓVEMBER

BMIT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum

6 tommu bátur

329 kr.

Gildir í nóvember 2008. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Stjörnumáli.

18- Subway staðir um allt land

SUBWAY í fínu formi

JÓLIN KOMA

JÓLALJÓSIN eru komin upp víða og skemmtilegt að fara með fjölskyldunni á rúntinn til þess að skoða alla dýrðina eða í góðan göngutúr.



Alvöru skór fyrir alvöru menn.

Vandaðir leðurskór fyrir herra. Skinnfóðraðir og með sterkum vatnsþolnum sóla. Stærðir: 40 - 47
Verð: 9.985.-

Vandaðar mokkaðar skór úr mjúku leðri fyrir herra. Skinnfóðraðir og með leðursóla. litir: brúnt og svart. Stærðir: 41 - 45 **Verð: 10.675.-**

Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf



Upplstur á jólabókum verður í Kórnum í Bókasafni Kópavogs fimmtudaginn 20. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lesið úr jólabókum

Harðir pakkar njóta gjarnan vinsældar á jólum og hjá mörgum eru engin jól án bóka.

Bókaunnendum gefst tækifæri til að hlýða á upplstur úr bókum sem koma út fyrir þessi jól, en næstkomandi fimmtudag klukkan 17.15 lesa höfundar úr verkum sínum á Bókasafni Kópavogs.

Það gæti auðveldað valið á bókum í jólapakkann að hlusta á höfundinn sjálfan lesa en úrvalið af útgefnum íslenskum bókum er talsvert fyrir þessi jól.

Upplsturinn fer fram í Kórnum og geta gestir gætt sér á piparkökum og kaffisopa á meðan þeir hlýða á lesturinn.

Eftirtaldir höfundar munu lesa á fimmtudaginn: Auður Jónsdóttir les úr *Vetrarsól*, Erla Bolladóttir les úr *Erlu*, góðu Erlu, Jón Hallur Stefánsson les úr *Varginum* og Stefán Máni les úr bók sinni *Ódádahrauni*.

Upplsturinn hefst klukkan 17.15 og eru allir velkomnir. - rat

Jólin byrja í Jólaþorpinu

Jólaþorp Hafnarfjarðar fer í gang í sjötta skipti í ár og mun Grýla halda uppi gleðinni á meðal þorpsbúa. Þorpið verður opnað laugardaginn 29. nóvember og er opið allar helgar fram að jólum.

„Í jólaþorpinu er lifandi skemmtidagskrá allar helgar. Jólaleikritabættir eins og Jól í Oz verða meðal skemmtiatriða, en við verðum einnig með útiþjálball alla sunnudaga sem byrjar kl. 15.00. Söngvaborg, Hafrasystur, og fleiri góðkunnir skemmtikraftar taka það að sér að halda utan um jólaballið,“ segir Ásbjörg Una Björnsdóttir, verkefnastýra skrifstofu menningar- og ferðamála í Hafnarfirði.

Margir af þekktustu tónlistarmönnum Íslands koma við í jólaþorpinu, en ungir hafnfirskir listamenn úr félagsmiðstöðvum bæjarins fá einnig að spreyta sig og koma fram. „Hinn 13. desember kemur til okkar ung söngkona sem heitir Anna Hlín og mun hún í rauninni opna sviðið fyrir Pál Óskar,“ segir Ásbjörg. „Við erum líka með mikið af hafnfirskum kórum sem fá að njóta sín eins og Kvennakór Öldutúns, Kvennakór Hafnarfjarðar og Karlaþórinn Prestir sem sjá um formlega opnun jólaþorpsins klukkan 17 hinn 29. nóvember.“

Í þorpinu eru ekki einungis skemmtanir, heldur er líka ýmiss konar varningur til sölu. „Tuttugu hús mynda þorpið og í hverju húsi eru söluáðilar sem selja varning tengdan jólinum.“ Góðgerðarsamtök koma líka að jólaþorpinu, þar á meðal UNICEF, barnahjál Sameinuðu þjóðanna, og Dýrahjál. „Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar verður í einu húsinu



Ásbjörg Una Björnsdóttir, verkefnastýra skrifstofu menningar- og ferðamála, sér um uppsetningu Jólaþorpsins í samvinnu við starfsfólk hjá Hafnarfjarðarbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

allar helgar og mun taka á móti jólagjöfum fyrir börn og unglínga en fólk mun líka gefast tækifæri á að styrkja samtökin,“ segir Ásbjörg.

Spurð að því hvort jólasveinarnir setji svip sinn á þorpið í ár segir Ásbjörg það alveg undantekningalaust, enda íslensku jólasveinarnir miklir vinir Jólaþorpsins. Hún bætir einnig við að móðir jólasveinanna sé mikið fyrir að koma í heimsókn og þá sérstaklega á laugardögum. „Grýla hefur tilkynnt okkur það að hún ætli að

vera kynnrir í þorpinu og ég hef ekki þorað að neita henni um það,“ segir Ásbjörg, og bætir við: „Hún hefur ekki verið mikið að safna óþekktum börnum upp á síðkastið svo hún er aðeins að færa út kviarnar og reyna að finna sér eitthvað nýtt.“

Jólaþorpið sem er opnað nú sjötta árið í röð verður opið allar helgar fram að jólum frá klukkan 13 til 18. Á Þorláksmessu verður opið frá 16 til 22 og munu stærðarinnar jólatónleikar fara fram klukkan 18. agnesask@frettabladid.is

ALLT FERÐIR

Miðvikudaga og laugardaga

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

Opíð virka daga kl. 10-20 laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

18. nóv. Óskalisti líkamans
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

20. nóv. Hátíðakökur og eftirréttir
Auður Konráðsdóttir desertadrottning

25. nóv. Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

27. nóv. Erum við andleg og líkamleg eiturefna-
úrgangsruslaskrímli
Edda Björgvins leikkona

02. des. Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

04. des. Hátíðakökur og eftirréttir
Auður Konráðsdóttir desertadrottning

heilsuakademían

Árskort í tækjasal aðeins 3.333 kr. á mánuði*

* Skuldbinding í ár.

Heilsuakademían í Egilshöll - fráber tækjasal, opnir tímar og landsins mesta úrval námskeiða
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ..góðar fréttir fyrir umhverfið

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Nú er **Samstöðuvika** hjá **Dansrækt JSB**

Sjaldan hefur verið ríkari þörf fyrir að byggja okkur upp og efla andlegan og líkamlegan styrk okkar

Til þess að sýna samstöðu á erfiðum tímum bjóðum við:

- Frían aðgang í opna tíma og tækjasal **vikuna 18. – 25. nóvember**
- Besta verð ársins á öllum kortum
- Framlengingu á kort sem þegar eru fyrir hendi

Hlökkum til að sjá þig!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Þurrkaðar appelsínusneiðar má nota í fjölbreyttar skreytingar en auk þess að líta vel út ilma þær dásamlega. Hér hafa leirpottar verið skreyttir með appelsínusneiðum og kertum stungið ofan í. Falleg og einföld borðskreyting.

Notalegheit fyrir jól

Jólin eru á næsta leiti og er því ekki úr vegi að byrja aðeins að skreyta.

Fallegir kransar úr greinum og berjum sóma sér vel víðast hvar og þá má útbúa sjálfur úr náttúrulegum hráefnum sem hægt að tína á göngu um Heiðmörk eða í garðinum. Hjörtu eru alltaf sæt hvort sem þau eru útbúin úr greinum eða taui og þeim má stinga hér og þar. Epli í skál eða körfu eru gómsæt á að líta og sama má segja um smákökur á diskum. Þeir sem vilja gerast ögn jólalegri geta stungið jólakúlum inn á milli ávaxtanna í skálinni. Kertaljós eru alltaf notaleg og luktir sóma sér vel síðla á vetrarkvöldum. Útbúa má ýmiss konar skraut úr þurrkuðum ávöxtum og eru appelsínur vinsælar í kransagerð og annað jólaskraut.



Haustskreytingar og jólaskraut skapa notalega og rómantíska stemningu á heimilinu.

Jóla kort

15% AFSLÁTTUR AF JÓLAKORTUM TIL 1. DES.



Pönglabakka 4 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is www.myndval.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Jólahlaðborð

á Hótel Stykkishólmi

Jólahlaðborðið á Hótel Stykkishólmi er í hæsta gæðaflokki í umhverfi sem er einstakt, hér er ekkert til sparað í hráefni, umgjörð eða þjónustu. Hótel Stykkishólmur er glæsilegt, nýuppgergt hótél í hinu ægifagra umhverfi Snæfellsness. Öll herbergin eru vel búin með t.d. þráðlausu interneti og hótelið státar af einni glæsilegustu svítu landsins.



Föstudaginn 21. nóvember
Föstudaginn 28. nóvember
Föstudaginn 5. desember

Laugardaginn 22. nóvember
Laugardaginn 29. nóvember
Laugardaginn 6. desember

Verð á Jólahlaðborði er aðeins 5.500 kr. á mann

Gisting á föstudagskvöldið er 4000 kr. á mann með morgunmat
Gisting laugardagskvöld er á 4.500 kr. á mann með morgunmat

MATSEÐILL

Úr sjó og vatni

Fennel grafinn lax með sinnepssósu
Skelfisksalat og paté með ferskum kryddjurtum
Reyktur silungur með piparrótarkremi
Jólasíld að skandinavískum hætti
Ciabatta með kavíar og sýrdum rjóma

Villibráð

Grafin gæs með kastanufuhnetumauki
Hreindýra paté með bláberja- og krækiberja compott
Dádýrasteik með ristuðum villisveppum og spergil
Kalkúnabringa með súrsuðum sveppum og sætum kartöflum

Salöt og meðlæti

Epla & sellerí-salat, rauðrófusalat, súrsað gúrkusalat,
kartöflusalat, brauðbollur, laufabrauð, rúgbrauð, smjör

Aðalréttir

Gljád ofnbökuð hunangsskinka
Nautahryggvöðvi „léttreyktur“ með steiktum lauk
Hangikjöt með uppstúfi og kartöflum
Ofnbakaður saltfiskur með kremuðu bankabyggi

Transerað af kokkunum

Íslenskt lambalæri & Grísa-purusteik

Meðlæti

Gratineraðar kartöflur, sykurbúnaðar kartöflur,
ferskt markaðs grænmeti og rauðkál
rauðvínssósa, villisveppasósa

Eftirréttir

Ris a la mande með sólberjasaft og kirsuberjum,
Hindberjberja- og Aprikósband,
Ávaxtasalat, Crème brûlée,
Vanillúsósa, Hindberjasósa

Hotel Stykkishólmur
hotelstykkisholmur@simnet.is
Pantaðu í síma: 430 2100
www.hotelstykkisholmur.is



Á FERÐINNI



HOSTELS.COM er athyglisverður og þægilegur vefur fyrir þá sem ætla að fara á flakk. Á vefnum er að finna umsagnir annarra ferðalanga um farfuglaheimili úti um allan heim.



Sigurjón og fjölskylda hans hafa ferðast mikið um hálendið og er þessi mynd tekin á Myrdalsjökli.

MYND/SIGURJÓN PÉTURSSON



Sonur Þóru og Sigurjóns, Magnús, hefur erfitt áhuga foreldra-anna.

Óttast ekki neina skógarbirni

Sigurjón Pétursson undirbýr þátttöku fyrir vélsleðakeppnina The Iron Dog Race sem fer fram í Alaska í febrúar á næsta ári. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt í keppni af þessari stærðargráðu þar sem leiðin spannar 3.172 kílómetra.

„Þetta er rosaleg leið. Farið er eftir Iditarod-slóðinni, sem varð fræg á öndverðri 20. öld þegar menn fluttu bóluþefni á hundasleðum frá bænum Seaward til Nome þar sem barnaveiki geisadi og urðu þjóðhetjur fyrir vikið. Síðan þá hefur sama leið verið farin í hundasleðakeppnum og svo í þessari keppni,“ segir Sigurjón Pétursson, framkvæmdastjóri Landsteina Strengs.

Sigurjón býr sig nú undir þátttöku í vélsleðakeppninni The Iron Dog Race sem haldin verður í Alaska í febrúar á næsta ári og leiðir þar fjögurra manna hóp, The Iceland-Alaska Snowmachine Team, og er eiginkona hans, Þóra Hrönn Njálisdóttir, í hópnum. Keppnin þykir erfið þar sem keppendur þurfa að fara 3.172 kílómetra leið eða sem samsvarar vegalengdinni milli nyrsta og syðsta hluta Grænlands auk 300 kílómetra til viðbótar

og getur kuldinn farið niður í allt að 50 stiga frost en meðalhitastigið á þessum slóðum er mínus 25. Er þetta í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt í keppni af þessari stærðargráðu.

Keppt er í tveimur flokkum: Pro Clash þar sem keppt er um að komast fyrstur í mark og Trail Clash þar sem markmiðið er að komast á leiðarenda og keppir hópur Sigurjóns í honum. „Við byrjum við Big Lake norðan við Wasilla. Farið er yfir Alaska-fjallgarðinn sunnan Denali, sem er hæsta fjall Norður-Ameríku, norður með Yukon-á og þaðan vestur til bæjarins Nome. Þar er snúið við og haldið austur til Fairbanks og reiknum við með að ljúka ferðinni á tíu dögum,“ útskýrir Sigurjón, sem telur að ekki muni nema helmingur allra þátttakenda ljúka keppni.

„Margir gefast einfaldlega upp andlega og líkamlega. Þess vegna skiptir

máli að vera í góðu formi,“ segir hann og segist hvorki kvíða því að meðalaldur liðsmanna sé 58 ár né að eiginkonan eigi sæti í liðinu. „Það skiptir engu þótt við séum engir unglingar. Svo höfum við Þóra Hrönn átt vélsleða saman í mörg ár og ferðast mikið um hálendið, Norður-Ameríku og Alaska, þannig að við erum vön. Við erum líka vel búin undir óveður og eigum ekki von á að rekast á skógar- eða ísbirni,“ segir hann og hlær. „Það er helst að vélbúnaðurinn geti bilað. En það ætti ekki að vera neitt stórmál, því þarna verða góðir menn í för.“

Þótt metnaðurinn sé mikill segist Sigurjón ekki gera sér von um sigur. „Auðvitað eigum við sjens í okkar flokki en aðalmálið er að ljúka keppni. Svo verður þarna ótrúlega fallegt landslag, sem verður hægt að njóta í ystu æsar.“

roald@frettabladid.is



Þóra Hrönn og Sigurjón við landamæri Kanada og Alaska á leiðinni til Dawson City.



Farið verður suður fyrir Denali í The Iron Dog Race.



weber – tilboð
á völdum grillum
– gildir til 31. desember 2008

weber – mikið úrval af aukahlutum

Söluastaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmíðjan · www.weber.is



UWAGA KIEROWCY

Następny kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie się 21 listopada, jeśli zbierze się wystarczająca liczba uczestników. Kurs będzie tłumaczony na język polski.

Informacje i zgłoszenia tel. 567 0300



1988 - 2008

SÁLAR hláðitíð

20 ÁRA STARFSAFMÆLI SÁLARINNAR HANS JÓNS MÍNS





Rolling Stones er enn þá að

Hvaða þýðingu hefur Sálin hans Jóns míns fyrir þig? „Hún hefur mikla þýðingu fyrir mig. Það eru ófá djömmín sem maður hefur tekið á Sálarböllum og man ég ekki eftir einu leiðinlegu!“

Uppáhaldslag með Sálinni? „Vá, það er ekki hægt að nefna bara eitt ... en Draumurinn er allavega ofarlega.“

Uppáhaldsball/-tónleikar? „Sjallinn á Akureyri um versló 2005 ... Lagið Krókurinn kom þar í nýrri útgáfu (ekki betri samt sökum ölvunar nýja söngvarans).“

Lifir Sálin í 20 ár í viðbót? „Pottþétt! Rolling Stones er enn að ...“

Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður

Okkar nótt rómantískt



„Ég er alls ekki einhver brjálaður Sálaraðdáandi en ég er aðdáandi engu síður. Maður á margar góðar minningar við lögin þeirra ...“

Uppáhaldslag með Sálinni? „Þetta er okkar nótt ... ohhh, finnst það endalaust rómantískt!“

Uppáhaldsball/-tónleikar? „Tuttugu ára afmælistónleikarnir í Höllinni 2008.“

Lifir Sálin í 20 ár í viðbót? „Ekki spurning ... hún lifir að eilífu!“

Sigríður Lund Hermansdóttir útvarpskona

Viðamesta útgáfan til þessa

Útgáfa Senu í tilefni tuttugu ára afmælis Salarinnar hans Jóns míns er afar umfangsmikil og ættu þar allir Sálaraðdáendur að fá eitthvað fyrir sinn snúð og rúmlega það.

Höskuldur Höskuldsson hjá Senu segir að útgáfan sé sú viðamesta sem fyrirtækið hafi sent frá sér. „Við vorum búnir að hugsa um það í nokkur ár að halda veglega upp á tuttugu ára afmælið. Þursapakinn og heildarsafnið hjá Sálinni með þrettán diskum var nokkuð stórt en þetta er stærsta útgáfan hjá okkur,“ segir hann.

ÓDAUÐLEGIR SLAGARAR

Fyrst ber að nefna þrefalda safnplötu með af 45 vinsælustu lögum sveitarinnar, auk þriggja nýrra laga, Gott að vera til, Það amar ekkert að og Það er satt.

Á safnplötunni eru ódauðlegir slagarar á borð við Á tjá og tundri, Láttu mig vera, Krókurinn, Kanínan, Hjá þér og Sódóma – allt lög sem flestir Íslendingar þekkja jafnvel og handarbakið á sér.

Höskuldur lagði grunninn að lagavalinu á safnplötuna fyrir einu ári og lögðu Sálarmenn blessun sína yfir það.

„Gullna hliðið kom út fyrir tíu árum og þetta eru flest lögin þaðan og síðan það sem hefur bæst við á þessum tíu árum,“ segir hann. „Það eru líka nokkur lög sem komust ekki að en hefðu verið á hverri einustu ferilsplötu annarra.“



Á þrefaldri safnplötu Salarinnar eru sígild lög á borð við Láttu mig vera, Krókurinn, Hjá þér og Sódóma.



FERILL SÁLARINNAR RAKINN

Tvöfaldur DVD-mynddiskur með heimildarmyndinni Hér er draumurinn eftir Jón Egil Bergþórsson er einnig hluti af útgáfunni. Þar fylgja jafnframt með öll myndbönd sveitarinnar sem eru orðin 25 talsins.

Hér er draumurinn, sem er nítíu

mínútna löng, rekur feril Salarinnar með nýjum viðtölum við hljómsveitarmedlimi og einnig þá sem fylgt hafa sveitinni um árin. Afar fjölbreytt myndefni frá ferli sveitarinnar var notað við vinnslu myndarinnar enda er mikið myndefni til ásamt gömlum viðtölum.

„Það er komið ár síðan við byrjuðum að móta þetta og átta okkur á því hvernig mynd þetta ætti að vera,“ segir Jón Egill Bergþórsson. „Í vor fór vinnan af stað við að útvega allt þetta myndefni, sem var alveg gríðarlegt.“

Þótt Sálin hafi ávallt notið mikilla vinsælda hefur hún átt í innbyrðis vandræðum eins og kemur fram í myndinni. „Þótt það hafi gengið svona vel í músíkinni er þetta átakaband og þeir hafa margoft tekið sér hálfárs leyfi, oft í kjölfarið á innbyrðisdeilum og óánægju. Við erum ekkert að

draga fjöður yfir það. En það var mjög gaman að gera þessa mynd, sérstaklega út af því að þetta eru menn sem eru ekki alltaf að hjakka í sama farinu,“ segir Jón Egill.

GLÆSILEG VIÐHAFNARÚTGÁFA

Loks kemur út viðhafnarútgáfa í takmörkuðu upplagi með öllu efninu af hinum tveimur útgáfunum og aukadiskum. Hafa þeir að geyma hljóðritaðar tónleikaupptök, myndefni með 25 völdum tónleikaupptökum og heimildarmyndina í lengri útgáfu.

Í útgáfunni eru samtals sjö diskar, þ.e. fjórar plötur og þrjár mynddiskar ásamt 92 síðna bæklingi þar sem Stefán Hilmarsson rekur sögu Salarinnar á skemmtilegan hátt. Fylgja þar myndir með sem margar hverjar eru teknar úr einkasafni Stefáns.

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

VATNASKIL 1988-2008

KASSI 1

KASSI 2



sena

okkar heimur // þín skemmtun

VELJUM ÍSLENSKA VALMYND!

Frábært úrval
af sjónvörpum



Palladine á íslensku

Palladine 47" Full HD EPT4751MD

- 1920 x 1080 Full HD upplausn (720p/1080i/1080p)
- Stafrænn móttakari
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Skerpa: 5000:1
- Birtustig: 550 cd/m²
- Textavarp með 1000 síðum
- Flýtitengi á hlið (hljóð & mynd)
- 2 x 10W hátalarar
- Svartími undir 5 ms
- Snúningsfótur

Verð aðeins
319.995 kr.

Full HD
1080P

HDMI digital



Full HD 1080P HDMI digital

Palladine 42" Full HD EPT4251MD

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 550 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

Verð aðeins
259.995 kr.



HD ready HDMI digital

Palladine 32" EPT3251MD

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

Verð aðeins
149.995 kr.



HD ready HDMI

Palladine 26" EPT2651M

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1200:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

Verð aðeins
119.995 kr.



HD ready HDMI

Palladine 19" EPT1950M

- Upplausn: 1440 x 900
- Skerpa: 1.000:1
- HDMI tengi / Scart / Component
- Hægt að tengja við 12V
- Svartími undir 4 ms

Verð aðeins
79.995 kr.



Full HD 1080P HDMI digital

Hitachi 47" Full HD L47VP01

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 8.000:1
- 2 x SCART tengi
- 2 x HDMI tengi

Verð aðeins
359.995 kr.



Full HD 1080P HDMI digital

Hitachi 50" HD P50XR01

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 10.000:1 / Birta: 1100 cd/m²
- Hægt að taka upp og horfa á aðra stöð
- 3 x HDMI tengi
- 3 x Scart tengi

Verð aðeins
499.995 kr.



Full HD 1080P HDMI digital

Hitachi 60" HD P60XR01

- Upplausn: 1920 x 1080 upplausn Full HD
- Skerpa: 8000:1 / Birta: 800 cd/m²
- Hægt að taka upp og horfa á aðra stöð
- 3 x HDMI tengi
- 3 x Scart tengi
- USB tengi

Verð aðeins
999.995 kr.

ÞJÓNUSTA VIÐ UPPSETNINGU



Starfsmaður Hátækni kemur heim til þín, setur upp tæknið og tengir gegn vægu gjaldi.

Þjónustan er í boði á höfuðborgarsvæðinu.

H
Hátækni

Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17
Fæst hjá söluaðilum um land allt.

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is



Lærði að spila Hjá þér

„Sálin hans Jóns míns er hljómsveit sem allar hljómsveitir og tónlistarmenn geta tekið sér til fyrirmyndar. Frábærir tónlistarmenn og laga-höfundar. Sálin er hljómsveit sem mér þykir vænt um. Ég vil óska henni innilega til hamingju með 20 ára afmælið og með alla þá frábæru hluti sem hún hefur áorkað.“

Upphaldslag með Sálinni? „Ég á mér ekkert upphaldslag því að góðu lögin þeirra eru ansi mörg. Fyrsta lagið sem ég lærði á gítar var lagið Hjá þér. Minningin mín frá því að bróðir minn kenndi mér lagið þegar ég var lítil kemur alltaf upp þegar ég heyri lagið. Þannig að ætli það sé ekki lagið sem mér þykir vænt um.“

Upphaldsball/-tónleikar? „Unplugged“-tónleikarnir þeirra voru frábærir og standa upp úr hjá mér.“

Lifir Sálin í 20 ár í viðbót? „Auðvitad! Sálarmenn munu lifa mun lengur og á meðan þeir lifa lifir hljómsveitin. Hvort hún verður starfandi á fullu eftir 20 ár er þó ólíklegt. En aldrei að segja aldrei.“

Birgitta Haukdal söngkona

Útgefandi: 365 hf.

Forsíða: Birgir Heiðar Guðmundsson hjá D3.

Auglýsingar: Fréttablaðið/Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir Sími: 512 5462.

Upp, upp mín tvítuga þjóðarsál

Flestir íslenskir popparar harka í þeirri veiku von að selja nægilega mörg eintök af afurð sinni til að ná upp í kostnaðinn og vart getur talist spennandi að leika frumsamin lög sín frammi fyrir sauðdrukknum áhorfendum sem þrá fátt heitar en að heyra gömlu smellina sem þeir þekkja út og inn, aftur og aftur, í árunna rás. Smæð samfélagsins gegnir einnig sínu hlutverki í þessu sambandi því sjálfskipaðir tónlistargagnrýnendur götunnar eiga afar greiða leið að íslenskum poppurum og nýta hvert tækifæri til að tjá þeim persónulegt álit sitt á verkum þeirra og gildir þá einu hvort um uppbyggilega gagnrýni er að ræða eður ei.

Öfgafullt dæmi um það ónæði sem popparar landsins verða reglulega fyrir átti sér stað á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sumarið 1992. Sálin hans Jóns míns var þá, eins og nú, ein allra vinsælasta hljómsveit landsins og fór geyst á sviðinu við mikinn fögnuð viðstaddra. Flestra þeirra, það er að segja, því í miðju lagi urðu áhorfendur varir við að óþrúttinn aðili hafði lagt á sig að þrýla upp á þakið á sviðinu. Áður en nokkur fékk að gert leysti ungi maðurinn niður um sig og hóf að spræna beint á kollana á meðlimum Sálarrinnar. Öllum brá, einhverjir hlógu, en flestir hneyksluðust. Sjálfur tók söngvarinn Stefán atvikinu af stóískri ró, þótt nokkurra sárinda gætti í orðum hans til áhorfenda eftir að afbrotanglingurinn hafði verið dreginn inn í lög-reglubíl: „Það er ekki þakklætinu fyrir að fara hér í Eyjum. Maður

kemur hingað til að spila og það er bara pissað á mann!“

Sálin hans Jóns míns heldur upp á tvítugsafmæli sitt á þessu ári, og sé ofantalið haft í huga verður það að teljast afrek eitt og sér. En Sálin getur hreykt sér af mörgu fleiru en að hafa þraukað í gegnum hinn séríslenska tónlistarbransa í öll þessi ár. Þrátt fyrir að sveitin hafi notið stjernfræðilegra vinsælda á íslenskan mælikvarða hefur hún ávallt gætt þess að halda vöku sinni og endurnýja sig reglulega. Þótt ofrausn sé að kalla þá endurnýjun tilraunastarfsemi hefur Sálinni engu að síður tekist afar vel að sameina vinsældir og metnað og úr þessari blöndu hafa sprottið margar helstu perlu íslenskrar dægurlagasögu.

Þessa verður áþreifanlega vart þegar hlýtt er á þann aragrúa af efni sem sveitin hefur sent frá sér á farsælum ferlinum.

Það er ekki ólíklegt að nánast hvert einasta mannsbarn á landinu þekki eitthvað til Sálarrinnar hans Jóns míns. Nostalígán skellur á áheyrndum eins og köld vatnsgusa þegar hlustað er á hvert lagið á fætur öðru, textarnir láta óhemju kunnuglega í eyrum og poppbéttar melódíurnar sækja á mann jafnt í draumi sem vöku. Ekki býr allt efni sveitarinnar yfir jafnmiklum gæðum, enda slíkt nær óhugsandi þegar um svo langan feril er að ræða. Standardinn er þó að jafnaði hár. Þar skipta ekki minnstu máli sterk höfundareinkenni Guðmundar Jónssonar, gítarleikara og aðallaga-höfundar, auðþekktanlegt brass-sándið sem skrifast að stóru leyti á Jens Hansson, og einstök söng-rödd Stefáns Hilmarssonar.

Röddin hans Stefáns míns gegnir lykilhlutverki í tónlist Sálarrinnar og hefur oftast en ekki ráðið úrslitum um hvort fólk



Stefán og Jens á miklu flugi á tónleikum í Laugardalshöll.

þyki sveitin sér samboðin eður ei. Minnstæður er þáttur í íslenska ædolinu fyrir nokkrum árum þar sem kvöldið var helgað tónlist Sálarrinnar og Stefán Hilmarsson sat í gestadómarasæti. Líklegt er að það kvöld hafi augu margra opnast varðandi hæfileika og sérstöðu Stefáns sem söngvara. Þar varð þjóðin vitni að ungum söngvurum, sem áður höfðu leikið sér að lagasmíðum Lençons, McCartneys, Þórðarsonar og allra hinna, nánast kafna af áreynslu við að reyna að ná öllum nótonum sem Stefán nær að því er virðist áreynslulaust á hverju kvöldi.

Sálin hefur gengið í gegnum mörg ólík skeið, allt frá kæruleysislegu hermisálarpoppi (Syngjandi sveittir frá 1988) til hreinræktaðs rokkpops (Þessi þungu högg frá 1993) og síðasta áratuginn eða svo hafa fagaðar dægurflugur ráðið ríkjum í herbúðum sveitarinnar. Það virðist ekki skipta nokkru einasta máli í hvaða

mynd Sálin hans Jóns míns birtist á hverjum tíma því addáendur sveitarinnar eru venju fremur ræktarsamir. Þeir mæta unnvörpum á tónleika, skila skífum sveitarinnar í efstu sæti vinsældalista og stofna sérstaka addáendaklúbba sveitinni til heiðurs. Sálin er fyrir löngu orðin stofnun í íslensku samfélagi og stendur sig vel sem slík.

Sálin hefur alla tíð borið það með sér að bera mikla virðingu fyrir addáendum sínum, og slíkri staðfestu ber að fagna með skrudgöngum á götum úti. Sálin er fráleitt frumlegasta sveit sögunnar en hún er samkvæm sjálfri sér og að manni læðist sá grunur að tím-inn muni fara um hana silkihönskum. Eflaust er lítið mál að finna þann einstakling sem opinberlega leggur fæð á Sálina hans Jóns míns. Sá einstaklingur sem ekki kann að meta í það minnsta eitt lag Sálarrinnar, þó í laumi sé, gæti hins vegar verið vandfundinn.

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

HÉR ER DRAUMURINN



3CD

45 BESTU LÖGIN
Á ÞEMUR GEISLAPLÖTUM
SAGA HLJÓMSVEITARINNAR



sena
okkar heimur // þín skemmtun

Sálin í Skífunni!



S·KÍ·F·A·N

Nýtt upphaf!

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is



Sálin hans Jóns míns

Þú færð nýjustu útgáfu Sálarinnar, „Hér er draumurinn“ í þremur útgáfum og heildarsafnið „Vatnaskil“ í Skífunni. Einnig fáanlegar útgefnar geislaflötur og mynddiskar.

Til hamingju með árin 20



Tímalína Sálarinnar

1987

1987 Útvarpsmaðurinn Þorsteinn Jod fær þá hugmynd að halda Blues Brothers-ball í Sigtúni. Hann fær Jón Ólafsson til að smala í band. Guðmundur Jónsson og Stefán Hilmarsson eru í þessu ónefnda bandi sem tekur soul-slagarana við góðan orðstír á ballinu. Síðan skilja leiðir.

1988

1990 Sálín flýgur á vængjum vinsældanna, spilar og spilar, meðal annars utan landsteinanna þar sem útgefandinn Steinar Berg telur sveitina eiga séns. Tvö lög koma út á safnplötu um sumarið en eftir mikla sveitaballgleði ákveður bandið að taka sér frí í haustbyrjun. Magnús trommari hættir.

1991

1992

1993

1994

1995

1996

1997

1998

1999

2000

2001

2002

2003

2004

2005

2006

2007

2008

1988 Bítlavinafélagið er í lamasessi svo þrír Bítlavínir hóa í Gumma og Stebba og kýla saman soul-band. Það fær nafn og spilar sitt fyrsta gígg í Bíókjallaranum í Reykjavík 10. mars. Sumarið er tekið með góðu truckki og fyrsta Sálar-platan Syngjandi sveittir kemur út. Í bland við slagara eru nokkur frumsamin lög á plötunni. Í lok sumars standa Stefán og Guðmundur eftir tveir því hinir eru snúnir í Bítlavinafélagið.



Fyrsta platan tekin upp 1988. Jón Ólafsson, Stefán og Rafn Jónsson syngja bakraddir.

Smellir: Þig bara þig, Neistinn.



Glatt á hjalla í stúdíói árið 1992.

1992 Sálín er ennþá heitasta band landsins og tvær plötur koma út á árinu: safn „munaðarlausra“ laga, Garg, og ný hljóðversplata, Þessi þungu högg. Aldrei þessu vant leggja þar allir meðlimir bandsins eitthvað til málanna í laga- og textagerðinni og útkoman er rokkaðasta plata Sálarinnar. Einnig kom út á videóspólu heimildarmynd um Sálina, sem heitir Garg eins og safnplatan.

Smellir: Krókurinn, Sódóma, Ég þekki þig, Hjá þér.



2000 Guðmundur mætir á hljómsveitarfund með stórar hugmyndir, enda vindur í Sálarseglum eftir órafmögnuðu velgengnina árið áður. Hann hefur kortlagt næstu árin og leggur það fram sem manifesto. Á dagskrá eru tvíburaplötur sem síðar eiga að smella saman í söngleik. Fyrsti hluti verkefnisins, platan Annar máni kemur út um hausið.

Smellir: Öll sem eitt, Sól, ég hef sögu að segja þér, Ekki nema von.

Sálín í sínu finasta þússi árið 2000.



Sálín tryllir lýðinn á Vega í Danmörku 2005.

Sálín tekur upp nýja plötu í Danmörku, Undir þínum áhrifum. Platan þykir afturhvarf til „gömlu góðu“ Sálarinnar eftir dramatík síðustu ára. Danmörk kemur aftur við sögu þegar sveitin heldur mikla tónleika í Kaupmannahöfn. Troðfullt var á klúbbum Vega, sem tekur 1.300 manns, og stemning frábær.

Smellir: Aldrei liðið betur, Undir þínum áhrifum, Haltu fast.

2006 Enn ein Sálarpásan fram eftir ári, en Guðmundur kemur með sólóplötuna Jaml og Stefán og Eyjólfur Kristjánsson gera plötuna Nokkrar notalegar ábreiður. Sálín og Gospelkór Reykjavíkur halda tónleika í Höllinni í september og er afraksturinn gefinn út á cd og dvd, Lifandi í Laugardalshöll. Tónleikarnir eru endurteknir í lok árs. Uppselt er á báða tónleikana.

Smellir: Handrit lífsins, Þú trúir því.

2007 Enn er Sálín í hægagangi fram eftir ári. Bandið slær saman í gríðarlegt góðærisgígg með Stuðmönnum í Kaupmannahöfn í apríl. Upptaka frá tónleikunum er sýnd á Stöð 2 um áramótin. Guðmundur kemur með lokaplötu tríflogu sinnar, Fuður.

2008 Á tuttugu ára starfsafmæli Sálarinnar rekur hver dýrðin aðra. Hinn 14. mars spilar sveitin myndarlega afmælistónleika í Laugardalshöll. Á sama tíma kemur út þrettán diska útgáfan Vatnaskil. Þar á meðal er annað safn „munaðarlausra“ laga, diskurinn Arg. Nú eru komnar út safnplöturnar Hér er draumurinn ásamt heimildarmynd með sama nafni, árangur „fornleifauppgraftar“ sem hefur staðið yfir allt árið.

Smellir: Það amar ekkert að (ég get svo svarið það), Gott að vera til.



Hin rétta sál orðin til. Á Hvar er draumurinn?-tímabilinu árið 1989.

1989 Ekkert fær stöðvað Sálina úr þessu. Guðmundur og Stefán ráða menn og reka en á endanum eru Friðrik Sturluson, Jens Hanson og Magnús Stefánsson orðnir fullgildir meðlimir. Þannig skipað tekur bandið upp plötuna **Hvar er draumurinn?** Var þar mætt allt annað band en árið áður og „Sálar-sándið“ komið fram. Platan varð gríðarvinsæl og bandið heitasta band landsins.

Smellir: Hvar er draumurinn?, Getur verið.

1993 Þreyta og kergja er komin í mannskapinn og bandið hættir um vorið. Leiðir skilja. Guðmundur var með í endurreisn hljómsveitarinnar Pelikan með Péttri Kristjánss. Sveitin reynir fyrir sér á sveitaböllum og gaf út plötu með nýju efni. Stefán og Friðrik stofa Pláhnetuna, sem spilar á böllum og gerir plötuna Speis. Stefán kom einnig með sólóplötuna Líf.

1994 Sálín er enn í pásu. Pláhnetan heldur sínu striki og kemur með aðra plötu, Plast, en Guðmundur spilar með Bong, dúett Eyþórs Arnalds og Máu.

1995 Sálín snýr aftur með nýjum trommara, Tómasi Jóhannessyni. Enn er gert út á böll og ný plata sett saman, Sól um nótt. Guðmundur og Jens gera einnig tilraunakennda plötu, Zebra.

Smellir: Netfangin, Fannfergi hugans.

1999 Segja má að Sálín hafi eignast nýtt líf í kjölfar órafmagnaðra tónleika og tónleika-plötunnar 12. ágúst 1999. Bandið hafði ekki verið eins vinsælt síðan í árdaga, en spilaði þó lítið um veturinn.

Smellir: Okkar nótt, Ég er kominn, Orginal (með Írisi Kristinsdóttur).



Stefán og Íris á sögufrægum tónleikum í Loftkastalanum 1999.

2003 Fantasíu vísindasöngleikur Sálarinnar og Karls Ágústss Úlfssonar, Sól og Máni, er frumsýndur í byrjun árs í Borgarleikhúsinu. „Barnsleg blanda af Star Trek og Gullna hliðinu,“ segir í leikdómi. Sýningin gengur fram á sumar þegar sveitaböll taka við. Dyggir aðdáendur stofna aðdáendaklúbbinn Gullna liðið og eiga heimkynni á salin. is. Samstarf Sálar og Sinfó kemur út á plötu og dvd, Vatnið.

Smellir: Allt eins og það á að vera, Vatnið.



Framlínan árið 1991.

1991 Bandið snýr aftur á þorranum, nú sem sextett því Birgir Baldursson trommari og Atli Örvarsson hljómborðsleikari hafa bæst við. Sálin spilar mikið og gefur út „rauðu plötuna“, sem heitir einfaldlega Sálin hans Jóns míns. Útrás Sálrinnar heldur áfram undir nafninu Beaten Bishops og Where's my Destiny?, ensk útgáfa af Hvar er draumurinn? kemur út í Skandinavíu og Benelúxlöndunum. Lítið var af erlendra útrás en á Íslandi er Sálin aðalbandið sem fyrr.

Smellir: Ábyggilega, Ekkert breytir því, Tár eru tár.

1997 Sálin fer í stutta tónleika- og ballferð um sumarið og sendir frá sér þrjú ný lög á safnplötu. Þriðja sólóplata Stefáns, Popplín, kemur út.

1998 Sálin fagnar tíu ára afmæli með glæsibrag, víðamestu tónleikaferð sinni síðan 1995 og tvöföldu safnplötunni Gullna hliðið. Jóhann Hjörleifsson sest við trommusettið og Atli segir skilið við bandið, enda búsettur í Kaliforníu.

Smellir: Orginal, Stjörnur.

2001 Nóg að gera: sveitaballa-sumar, Eldborg, Coldplay-upphitun, DVD-diskur með 12. ágúst 1999-gigginu og seinni tvíburaplötu, Logandi ljós. Sálin þykir hafa þroskast mikið og myndböndin þeirra vekja athygli, sérstaklega „lesbíumyndbandið“ við lagið Á nýjum stað.

Smellir: Á nýjum stað, Syndir, Hinn eini sanni.



Frá samstarfi Sálrinnar og Melabandsins 2002.

2002 Sálin á einn helsta smell ársins, Þú fullkomnar mig, sem Júlíus Kemp pantar fyrir myndina Maður eins og ég. Sinfónían og Sálin æfa saman prógramm sem er flutt á þrennum tónleikum í Háskólabíói. Æfingar hefjast fyrir söngleikinn Sól og Mána. Jens sendir frá sér sólóplötuna Six rooms.

Smellur: Þú fullkomnar mig.

Ræturnar liggja víða og djúpt

„Sálin hans Jóns míns hefur fylgt mér frá því ég kom úr gagnfræðaskóla. Ég fékk bílpróf og Syngjandi sveitir í hendurnar sama sumarið. Ég sá nýju útgáfuna um haustið 1989 á Borg í Grímsnesi og hef fylgst með síðan. Skömmu síðar kom út platan Hvar er draumurinn? Þá fannst mér ég hafa fundið land í íslenska poppsjónum. Sálin hefur náð að próa stíl sinn á alveg einstakan hátt og haldið sér „current“ án þess að vera uppá-

þrengjandi eða með yfirgang. Ég held að það sé stórlega vanmetið hvað rætur þeirra liggja víða og djúpt.“

Uppáhaldslag?

„Það er nú illa gert að fara fram á þetta. En ég ætti erfitt með að gera upp á milli „Okkar nótt“ og „Sól um nótt“.“

Uppáhaldsball/-tónleikar?

„Ég myndi nú taka til afmælistónleika sem ég og Þórir Jóhannsson, félagi minn, héldum með sveitinni á

Nasa fyrir um fimm árum. Svo eiga órafmöggnuðu tónleikarnir í Loftkastalanum fyrir um 10 árum stóran sess í hjarta mér. En það sem mér þykir vænst um er það að árlega koma þeir á tónleika sem ég held til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna í Háskólabíói.“

Lifir Sálin í 20 ár í viðbót?

„Ég ætla ekki að standa í vegi fyrir því og mun líklega hvetja til þess með beinum eða óbeinum hætti.“



Einar Bárðarson, athafna- og aðstoðarmaður.

EFTIRLÆTIS BAROKK Í LANGHOLTSKIRKJU
FIMMTUDAGINN 20. NÓVEMBER | kl. 19.30 | ÖRFÁ SÆTI LAUS!
FÖSTUDAGINN 21. NÓVEMBER | kl. 19.30

Hljómsveitarstjóri | Nicholas Kraemer
Einsöngvari | Dominique Labelle



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Hátíðleiki og heiðríkja barokk tónlistar lyftir andanum upp yfir amstur hversdagsins. Komdu og láttu Vatnamúsík Handels, Ariú á G-streng Bachs, Kanón Pachelbels og fleiri ljúfa barokktóna róa sálina.

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Ekki missa af þessum frábæru tónleikum – tryggðu þér miða í síma 545 2500 eða á www.sinfonia.is. Athugið að ekki er hægt að bóka sérkjör eða afslætti á Netinu.

STOÐIR

er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Busaballið mjög minnisstætt



Ég er og verð „fan“ Sálarinnar og dáist að störfum þeirra og fagmennsku.“

Uppáhaldslag með Sálinni?

„Láttu mig vera hefur alltaf verið eitt af mínum uppáhalds einhverra hluta vegna auk þess sem mér fannst öll löggin af plötunni Þessi þungu högg frábær.“

Uppáhaldsball/-tónleikar? „Ég held að það hafi verið busaball í Valaskjálfi '98. Það sem ég man var mjöðög skemmtilegt!“

Lífir Sálin í 20 ár í viðbót? „Án efa. Til hamingju, strákar!“

Magni Ásgeirsson söngvari



Sérlega upplífandi

„Þeir hafa verið sérlega upplífandi á liðnum áratugum og bætt mína sálarheil.“

Uppáhaldslag með Sálinni? „Undir þínum áhrifum, sérlega fallett lag og ljóð og vekur upp ljúfar kenndir.“

Uppáhaldsball/-tónleikar? „Þegar hljómsveitin spilaði persónulega fyrir mig í fimmtugsafmælinu, beint frá hjarta og sál.“

Lífir Sálin í 20 ár í viðbót? „Já, alveg örugglega á meðan þeir halda sálinni í hljómsveitinni, hafa áhuga og löngun til frekari afreka.“

Hermann Gunnarsson útvarpsmaður

Sungu í brúðkaupinu

„Sálin hefur mikla þýðingu fyrir mig þar sem þeir voru að gefa út plötuna Hvar er draumurinn? um sama leyti og ég var að byrja minn útvarpsferil. Á hinum síðari árum hefur myndast heilmikill venskapur við þá félagi og traust sem hefur gert það að verkum að ég hef fengið að fylgjast mjög vel með því sem þeir eru að gera. Þeir hafa líka komið við sögu í sambandi mínu og eiginkonunnar og þannig er þetta eiginlega hljómsveitin okkar. Þeir tóku meðal annars lagið Sól um nótt í kirkjunni er við giftum okkur árið 2003.“

Uppáhaldslag með Sálinni? „Nú er eiginlega vonlaust fyrir mig að nefna eitt lag en ég get nefnt þrjú lög og ástæðurnar fyrir því. Lagið Sól um nótt er eitt þeirra og af þeirri augljósu ástæðu að þeir sungu það fyrir okkur í giftingunni og þar er textinn lyklatríði. Sódóma er það lag sem mér finnst alltaf gaman að heyra. Lagið Hinn eini sanni er mér líka kært en það notaði ég í fimm Fitness-keppnum til að hjálpa mér í gegnum prautbrautina en takmarkið þar var samt að heyra ekki meira



en svona 90 sek. af laginu því þá átti maður að vera kominn í mark.“

Uppáhaldsball/tónleikar? „Þau eru nokkur sem koma upp í hugann, Sjallinn á Akureyri síðsumars 1995 með vinahjólum okkar, Hilmari og Laufeyju, sem sáu um að dressa Sálini á sínum tíma og með okkur var Daddi Diskó, Nasa þar sem Logi Bergmann og Svanhildur Hólm fóru upp á svið og tóku lagið með þeim og Circus-byggingin í Kaupmanna-

höfn árið 2007 þegar Sálin og Stuðmenn tróðu upp saman. En það sem stendur upp úr er Sálin á veitingastaðnum Vega í Kaupmannahöfn í nóvember 2005 þar sem 1.500 manns voru mættir á ekta íslenskt Sálarsveitaball.“

Lífir Sálin í 20 ár í viðbót? „Ég held að hljómsveitin geti alveg lifað í tutugu ár til viðbótar ef þeir bara vilja það sjálfir.“

Ivar Guðmundsson útvarpsmaður



Sálin hans Jóns míns ódauðleg

„Sálin var einn af hornsteinum tíunda áratugarins, hljómsveitin sem „artí fartí grunge“-liðið flíði á laun. Ef þú hefur ekki farið á sveitaball með Sálinni, þá hefurðu ekki lifað.“

Uppáhaldslag með Sálinni?

„Sódóma.“

Uppáhaldsball/-tónleikar?

„Á skemmtistaðnum 1929 á Akureyri árið 1995 (eða var það öfugt?). Á þessum tíma hékk ég með nokkrum hljómsveitum af því að ég var að stúdera baksviðshögðun þeirra. Þessar stúdíur urðu síðan að sjónvarpsmyndinni „Rót“, sem ég skrifaði ásamt Einari Kárasyni.“

Lífir Sálin í 20 ár í viðbót?

„Sálin lifir að eilífu!“

Óskar Jónasson leikstjóri

Sálin bókuð í tíunda bekk

„Sálin hefur alltaf komið mér í gott skap og látið mér líða vel.“

Uppáhaldslag með Sálinni?

„Undir þínum áhrifum.“

Uppáhaldsball/-tónleikar? „Án efa 10. bekkjarballið fræga þegar ég bókaði sveitina sjálfur á þann dansleik, tónleikarnir með Sálinni og Gospel og svo má ekki gleyma þjóðháttíðinni 2003.“

Lífir Sálin í 20 ár í viðbót? „Þeir eru eins og úrvals rauðvín, verða bara betri með árunum!“

Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur

1500 manns í Gullna liðinu

Aðdáendaklúbbur Sálarinnar, Gullna liðið, var stofnaður árið 2003 í tilefni af fimmtán ára afmæli sveitarinnar. Meðlimir eru orðnir 1500 talsins af öllum kynslóðum vítt og breitt um landið og miðin. Laufey Jörgensdóttir, forsprakki Gullna liðsins, og ristjóri síðunnar Salin.is, hefur verið aðdáandi Sálarinnar síðan hún var þrettán ára, eða næstum jafnlengi og hljómsveitin hefur starfað.

„Eftir þá Sálverja liggja auðvitað ógrynni af frábærum lögum sem nánast hvert mannsbarn kann og þessi lög koma til með að lifa

með þjóðinni vonandi um ókomin ár. Lögnum tengjast skemmtilegar minningar þessi síðustu tuttugu ár. Leikgleði þeirra, andrúmsloft og stemning á böllum er auðvitað einstök líka,“ segir hún. „Svo eru þeir einhvern veginn alltaf að toppa sig í krefjandi verkefnum. En ef þú spyrð mig, einlægán aðdáandi Stefáns, þá er hin einstaka söngródd hans það besta við Sálini að mínu mati. Svo stendur saxinn alltaf fyrir sínu. Spurning um að gera Sálini að útflutningsvöru í þessu árferði – eitthvað svo séríslenskt fyrirbæri bara.“



Laufey Jörgensdóttir

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

HÉR ER DRAUMURINN

4CD+3DVD

45 BESTU LÖGIN Á ÞREMUR GEISLAPLÖTUM

15 TÓNLEIKAUPPTÖKUR


25 TÓNLISTARMYNDBÖND

25 TÓNLEIKAMYNDBÖND

150 MÍN. HEIMILDAMYND SAGA HLJÓMSVEITARINNAR

okkar heimur // þín skemmtun

Viðhafnarútgáfa í takmörkuðu upplagi



Tónlist á betra verði!

Á Tónlist.is færð þú íslenska og erlenda tónlist á góðu verði. Þú getur valið hvort þú gerist áskrifandi eða kaupir stök lög og plötur!

Áskrift borgar sig!

- Þú getur hlustað á alla íslenska tónlist eins og þú vilt - í gegnum vefinn og farsímamann
- Auk þess færð þú aðgang að meira en 2.000.000 erlendra laga sem þú getur keypt
- Sértilboð fyrir áskrifendur

**MEIRA EN
2.000.000
LAGA Í BODI!**



Tónlist.is

Farðu inn á www.tonlist.is og kynntu þér málið!

Trommararnir í Sálinni

Í meðlimatölu Sálarinnar hefur mest nýliðun verið við trommusettið. Alls hafa sex trommarar setið við Sálarsettið.

Fyrstur allra var Pétur Grétarsson. Hann spilaði með ónefndum fyrirrennara Sálarinnar. Sú sveit kom saman að áeggjan Þorsteins Joð og spilaði soul-slagara úr Blues Brothers-myndinni í Sigtúni árið 1987. Fyrsti „fullgildi“ trommari Sálarinnar var Rafn heitinn Jónsson. Hann handlék kjuðana á fyrsta skeiði sveitarinnar, „silki-jakka-tímabilinu“ svokallaða.

AUÐVELT AÐ HÆTTA Í SÁLINNI

Þegar Bítlavinafélagar létu sig hverfa vildu Guðmundur og Stefán halda áfram og söfnuðu liði í nýtt band. Einn sá fyrsti sem var hóað í var trommarinn Magnús Stefánsson, sem hafði gert garðinn frægan með Utangarðsmönnum og Egó. „Ég og Guðmundur höfðum verið saman í hljómsveitinni Tibet Tabú og þegar hann kom að máli við mig vildi hann stofna alvöru rokkband í anda The Cult og Guns N'Roses,“ segir Magnús. „Mér leist vel á þá hugmynd en svo breyttist þetta náttúrulega og varð að þeirri Sál sem fólk þekkir í dag. Samt voru nokkur lög sem voru í þessum rokkanda, til dæmis Óskrið.“

Magnús á góðar minningar frá Sálarárunum. „Þetta var mjög skemmtilegur tími og þroskandi tímabil. Gaman að kynna svona heilbrigðum gaurum eins og þessum strákum,“ segir hann. „Við vorum í bassaleikarahallæri og ég stakk upp á Friðriki Sturlusyni. Honum hafði ég spilað smávægis með þegar ég var lánstrommari í hljómsveitinni Maó. Hann smell strax alveg inn í bandið og er besti

bassaleikari sem ég hef spilað með, að öðrum ólöstuðum.“

Magnús starfaði með Sálinni í tvö ár, frá 1988 til 1990. „Mín persónulega staða var þó þannig á þessum árum að ég varð að hætta í bandinu, eða taldi mig þurfa að hætta. Ég var í miklu rugli og vildi hætta að neyta kannabisefna. Fannst sem ég yrði að hætta í bandinu til þess. Það var auðvelt að hætta í Sálinni en mér tókst ekki að losna við hassið fyrr en sex árum síðar. En það er önnur saga.“

ALLTAF FULLUR OG RÍFANDI KJAFT

Næstur til að sitja við settið með Sálinni var Birgir Baldursson. Hann kom úr jaðarrokkinu, hafði spilað með S.H. Draumi og Bless, en gekk nú til liðs við aðalpoppband landsins.

„Ég hafði reyndar spilað með Mannakorni heilan vetur á Dansbarnum á Grensásvegi svo ég var orðinn rútineraður í ballspilamennsku,“ segir Birgir. „Sálin var fúltæmdjobb og rúmlega það. Við hégum saman allan daginn við æfingar, spilamennsku, myndatökur og viðtöl. Vinnubrögðin í þessu bandi voru þó öðruvísi en ég átti að venjast og ég fann mig aldrei. Guðmundur kom með fullbúinn demó af lögnum og maður fékk ekkert að sveigja þau til.“

Birgir segir að hann hafði látið einræði Guðmundar fara í taugararnar á sér og óþol hafi magnast upp. „Þetta var eins og að vinna á prentvél. Ekkert frelsi eða listræn sköpun, en ofsalega finn peningur, ég neita því ekki. Mér leið virkilega illa og þrautalendingin var að ég var alltaf fullur og rífandi kjaft.“

Birgir spilaði með Sálinni í tvö ár, frá vori 1991 til vors 1993, og fékk að hluta sínu framgengt þegar einokun Guðmundar á laga-



Hér er Magnús Stefánsson (lengst til vinstri) með Sálinni í árdaga, bandið ekki enn búið að leggja silkiþökkunum.

smíðunum sleppti á plötunni Þessi þungu högg. „Sú plata var ákveðin uppreisn og allir fengu að leggja eitthvað til,“ segir Birgir.

Þegar bandið byrjaði aftur eftir tveggja ára hlé árið 1995 var Birgi ekki boðið að vera með.

GREINDI PIRRING

Í stað Birgis var trommarinn Tómas Jóhannesson munstraður í bandið. „Ég vissi að Sálin var að fara að byrja aftur eftir tveggja ára hlé,“ segir Tómas. „Ég var að spila í pöbbabandi með góðum vini Gumma Jóns og það hann um að mæla með mér. Svo fékk ég að spreyta mig á æfingu og var bara ráðinn. Ég held að enginn annar hafi verið prófaður.“

Fyrsta gígg Tómasar var skólaball á Skaganum. „Sálin var ekk-

ert mikið fyrir æfingar og ég hafði bara lært lögin af plötum. Ég klikkaði á því að það var ekkert prógramm í gangi heldur kallaði Gummi bara nafnið á næsta lagi og ég átti að telja inn í það. Sem var erfitt því ég hafði ekki lagt nöfn laganna á minnið! Ég taldi því inn í einhverju millitimpói og svo var hraðað eða hægt á lögnum eftir atvikum. Gummi gefur mönnum ákveðið augnaråd af hann er ekki ánægður – „búllið“ er það kallað – og það var einþómt „búll“ þetta kvöld fyrir mig. Ég var svo auðvitað búinn að læra nöfnin á lögnum fyrir næsta gígg.“

En fall er fararheill. Tómas er á því að árin með Sálinni hafi verið „ógeðslega skemmtileg“. „Ég er yngri en þeir svo þetta var mikið



Tómas Jóhannesson (lengst til hægri) spilaði inn á eina Sálar-plötu, Sól um nótt frá 1995.



Birgir Baldursson (annar frá hægri) með Sálinni í einni myndatökunni.

þroskaferli fyrir mig. Ég greindi þó alltaf ákveðinn þirring í Sálinni og eftir á að hyggja þá voru þeir að enda ákveðið tímabil þegar ég var með þeim.“

Í einni Sálar-pásunni fór Tómas til Bandaríkjanna í nám. „Þessi rútulífsstíll er ekkert svo skemmtilegur til lengdar og mig langaði að prófa eitthvað nýtt. Ég tók þátt í dot.com-æðinu og hef verið í grafík og tölvugeiranum síðan þótt ég grípi enn í trommurnar við og við. Á einhverjum tímavörðum vorum við Jóhann Hjörleifsson báðir að spila með bandinu en svo æxlaðist það þannig að hann tók alfarið við. Þá má segja að nýtt tímabil Sálarinnar hafi hafist. Með Jóhanni endurnýjaði bandið sig og varð að því sem það er í dag.“

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

HÉR ER DRAUMURINN



2DVD

ÖLL MYNDBÖNDIN
90 MÍN. HEIMILDAMYND



sena
okkar heimur // þín skemmtun

MICHAEL
CERA

KAT
DENNING

INNIFELDUR LÖG
VAMPIRE WEEKEND, WE ARE SCIENTISTS,
BAND OF HORSES, RICHARD HAWLEY
O.M.F.L.

NICK & NORAH'S INFINITE PLAYLIST

FRUMSÝND FÖSTUDAGINN 21. NÓVEMBER

SMÁRA  BÍO

REGNBOGINN

BORGAR  BÍÓ



Tónlist.is



4 CD +
3 DVD

6.989 kr.



9.989 kr.




9.489 kr.



9.989 kr.



9.989 kr.



9.989 kr.



6.989 kr.


Úrval tónlistar,
kvikmynda
og tölvuleikja



2.389 kr.



2.389 kr.



2.389 kr.



2.389 kr.



2.389 kr.



2.389 kr.



2.389 kr.



2.389 kr.



3.989 kr.



Full HD
1080p

10 DVD myndir fylgja frítt með*

37 tommur

Philips 37PFL7603D
37" Full HD 1080p 16:9 LCD • 1920x1080 p. uppl. • Pixel Plus 3 HD

299.989 kr.

10 DVD myndir fylgja frítt með*

Pixel
PROcessing

42 tommur

*Gildir fyrir DVD pakkingar á 989kr!

Toshiba 42C3530DG
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing IV

179.989 kr.

10 DVD myndir fylgja frítt með*

Með V-Real

32 tommur

Panasonic TX32LM70F
32" V-Real LCD breiðtjald • Uppl. 1366x768 p. • V-Real - einstök gæði

119.989 kr.

DVD myndir
3 fyrir 2
989 kr.



Hundruðir DVD titla í boði!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

OPNUNARTÍMI

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-19

Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
og í Holtagörðum

MAX
RAFTÆKI

Fjárfestingar

Fjárfestu í nýsköpun án áhættunnar

Lausnin

Lausnin er í tölvugeiranum og kemur til með að spara fyrirtækjum umtalsverðar fjárhæðir en flest fyrirtæki í Evrópu og Bandaríkjunum eru skyldug til að nota svona lausnir reglulega.

Fjármagnsþörf

Okkur vantar fjármagn í markaðssetningu og frágang skulda að upphæð 14 milljónir, með fasteignaveði, ef lausnin nær markaðshlutdeild geta fjárfestar margfaldað fjárfestinguna ef ekki eru þeir öruggir með að fá peningana til baka.

Staða

Lausnin er búin að vera í þróun síðustu fjögur ár og er nú tilbúin í sölu. Nokkrir virtustu sérfræðingar á þessu sviði í heiminum hafa gefið mjög jákvæð ummæli. Sölu og dreifileiðir eru klárar.

Sendu okkur tölvupóst á ragnar.info@gmail.com
til að fá meiri upplýsingar

Fasteignir

EIGNAMIDLUN

sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidun.is · eignamidun@eignamidun.is
Sverrir Kristinnsson, löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS

Grenimelur 47 n.sérh.



Mikið endurnýjuð og falleg 149 fm neðri sérhæð ásamt 23 fm bílskúr. Íbúðin skipstítt í forstofu, hol/sjónvarpshol, stofur með arin, glæsilegt eldhúsi með borðkróki og þvottaherbergi, glæsilegt baðherbergi, þrjú svefnherbergi og góða geymslu. Bílskúr er með hurðaopnara. Meðal annars nýjar innihúðir, innréttingar og tæki svo og plankaparket og flísar á gólfum. Frábær staðsetning. V. 47,0 m. 4308
EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:00.

Atvinna

Rekstrarstjóri/skemmtanastjóri

Óskum eftir hugmyndaríkum og skipulögðum einstakling til að reka bar/skemmtistað í miðborg rvk. Þarf að vera drifandi, jákvæður og góður í mannlegum samskiptum

Starfslýsing:

Sjá um atburði og bókanir fyrir hópa, starfsmannahald, allar pantanir og samskipti við bygga og allan almennan rekstur fyrir utan launaútreikninga og bókhald.

Reynsla æskileg.

Umsóknir ásamt mynd skilist til fréttablaðsins merkt: **Skemmtun** eða á netfangið tolvuskeyti@gmail.com fyrir fimmtudaginn 20. nóv.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Fundir / Mannfagnaður

Aðalfundur Varmársamtakanna

verður haldin í Listasal Mosfellsbæjar þriðjudaginn 25. nóvember kl. 17:30.

Venjuleg aðalfundarstörf. Framboð til stjórnar þarf að tilkynna degi fyrir aðalfund

Nánari upplýsingar:

<http://varmarsamtokin.blog.is/blog/varmarsamtokin/>

Tilkynningar



Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarkaupstaður

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, Öldutúnsskóli.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2008, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 vegna Öldutúnsskóla í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan felur í sér að tveimur svæðum sunnan og austan við Öldutúnsskóla sem í gildandi aðalskipulagi eru skilgreind sem óbyggð svæði, verði breytt í stofnanasvæði. Með landnotkunarbreytingunni er rýmkað fyrir stækun lóðar Öldutúnsskóla og að lóðin verði gerð samfelld vegna fyrirhugaðs íþróttahúss, lóðin stækkar úr 18.600 m² í 23.948 m². Jafnframt verði Öldugata flutt til austurs á kaflanum frá Bárúkinum að Hvammabraut til að stuðla að auknu umferðaröryggi nemenda skólans.

Auglýsing um breytingu á samþykktu deiliskipulagi Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2008, að auglýsa til kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öldutúnsskóla í Hafnarfirði í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.


Tillaga að deiliskipulagi fyrir Öldutúnsskóla og nágrenni, reit sem afmarkast af Öldutúni, Öldugötu, Hvammabraut og Kvíholti. Skv. tillögunni er lóð Öldutúnsskóla stækkuð svo unnt verði að byggja íþróttahús við skólann og Öldugata færð austar.

Aðalskipulagið og deiliskipulagið verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 23. október 2008 – 20. nóvember 2008. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta við aðalskipulagið eða deiliskipulagið er gefinn kostur á að gera við þau athugasemdir, og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 2. janúar 2009. Þeir sem ekki gera athugasemdir teljast samþykkir skipulaginu.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS



Heima er best notalegri jól með Stöð 2

FRÁBÆRT
EINGREIÐSLUTILBOÐ

STÖÐ 2 OG STÖÐ 2 BÍÓ

Á AÐEINS

5.690 KR.

Á MÁNUÐI Í ÞRÍJA MÁNUÐI

JÓLADAGSKRÁ STÖÐVAR 2 HEFUR ALDREI VERIÐ BETRI:

JÓI FEL TÖFRAR FRAM HÁTÍÐARMATINN · BUBBI OG STÓRSVEITIN · SÁLIN – HÉR ER DRAUMURINN
PRISON BREAK · GREY'S ANATOMY · GOSSIP GIRL · KRYDDSÍLD · INNLENDUR OG ERLENDUR FRÉTTAANNALL
SJÁLSTÆTT FÓLK · KOMPÁS · MANNAMÁL · SERENITY · WAR OF THE WORLDS · MOULIN ROUGE
MIRACLE ON 34TH STREET · SHREK THE HALLS · HOW GRINCH STOLE THE CHRISTMAS



skemmtilegri

Ný þöggunarstefna?

UMRÆÐAN

Einar K. Guðfinnsson skrifar um Evrópumál

Skyndilega er farið að sglitta í þöggunarstefnu í umræðunni um Ísland og Evrópu. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn ákveður að efna til vinnu á vegum nefndar sem skoðar stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu, ríkjum Evrópu og valkostum Íslands í alþjóðasamstarfinu, þá bregst annar ritstjóra Fréttablaðsins, Jón Kaldal, svo við að hann nefni það fum og máttleysi. Hans sjónarmið er greinilega það að



EINAR K. GUÐFINNSSON

umræða um Evrópumál-in eigi ekki að fara fram með lýðræðislegum og opnum hætti.

Er það til marks um máttleysi þegar hrint er af stað skipulegri vinnu við endurmat á stefnu Sjálfstæðisflokksins í stóru máli? Er það til marks um fum að á landsfundi flokksins í ársbyrjun verði tekin afstaða til þessa máls eftir að það hafi verið skoðað og rætt opinskátt í nýju ljósi?

Auðvitað ekki. Jón Kaldal aðhyllist bersýnilega einhvers konar þöggunarstefnu. Honum finnst greinilega ekki að lýðræðislegur stjórnmálaflokkur eigi að

virka flokksmenn sína í opinni umræðu um mikilvæg mál, þar sem málin eru rædd á grundvelli bestu fáanlegrar þekkingar. Það finnst honum máttlaust. Honum finnst þetta óttalegt fum.

Sannleikurinn er sá að innan Sjálfstæðisflokksins hafa löngum farið fram miklar og kraftmiklar umræður um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu. Okkar forystumenn hafa alla tíð verið í forystu þeirrar umræðu. Það var á grundvelli slíkrar umræðu sem flokkurinn hafði forystu um EES-samninginn, ásamt Albýðuflokknunum. Snemma árs 2007 lauk stefnumótun nefndar í Evrópumálum, sem allir stjórnmálaflokkar komu að og þáverandi forsætisráðherra

og formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, hafði forystu um. Núverandi ríkisstjórn hefur síðan skipað Evrópumálunum í tiltekinn farveg undir forystu tveggja öflugra þingmanna.

Þannig hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið virkur þátttakandi í umræðunni um stöðu Íslands í evrópsku samhengi. Við höfum ekki staðið í vegi fyrir slíkri umræðu. Þvert á móti. Við höfum hvatt til hennar, við höfum tekið þátt í henni og sett fram sjónarmið okkar. Og við teljum nauðsynlegt að þessari umræðu vindi fram.

Og nú í breyttri heimsmynd og vegna nýrrar stöðu okkar í ljósi fjármálakreppunnar, ákveður

Sjálfstæðisflokkurinn að skoða þessi mál vegna gjörbreyttra aðstæðna. Við slíkt endurmat er það grundvallaratriði að fram fari lýðræðislegar opnar umræður. Þannig vinnur Sjálfstæðisflokkurinn og lætur tilraunir til þöggunar ekki trufla sig.

Við slíkt endurmat þarf að skoða stöðu okkar í víðu ljósi, en ekki út frá því þrönga sjónarhorni sem allt of mikið hefur einkennt Evrópuumræðuna upp á síðkastið og hefur til dæmis nær einokað leiðaraskrif Fréttablaðsins um þessi mál upp á síðkastið.

Höfundur er sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

Stefnulaus forysta

UMRÆÐAN

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur þegar boðað varðandi verðtryggð lán eru hugsaðar til að mæta tímabundnum greiðsluvanda fólks. Þeir sem þess óska geta látið setja ákveðinn hluta afborgunar á höfuðstólinn. Þannig borgar fólk



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

tímabundið minna en skuldir aukast sjálfkrafa hraðar en nokkru sinni fyrr.

Nauðsynlegt er að gripa til frekari aðgerða því öllum má vera ljóst að þegar krónan fer á flot aftur þá mun hún falla

mikið og langt umfram það jafnvægisgengi sem búast má við að hún nái að lokum. Þessu falli mun fylgja mikið verðbólguþot. Þetta yfirskot er ekki hluti af hagsveiflu heldur kemur til vegna fjármagnsflóttu, vantrúar á gjaldmiðilinn, peninga- og efnahagsmálastjórn landsins. Þetta yfirskot má ekki setjast á höfuðstól verðtryggðra lána enda getur slíkt voðaskot ekki verið forsenda eignamyndunar og rýrnunar í samfélaginu. Því er nauðsynlegt að frysta verðtrygginguna þangað til jafnvægi er náð.

Búast má við að höggið verði enn harðara ef engin framtíðarsýn liggur fyrir þegar krónunni verður fleytt. Mikil vonbrigði eru að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar nú í þriggja mánaða stefnumótunarvinnu, til að marka sér nýja stefnu í peningamálastjórn og skipan efnahagsmála. Það er deginum ljósara að flokkur sem ekki hefur stefnu í brýnustu hagsmunamálum þjóðarinnar hefur ekkert með það að gera að leiða ríkisstjórnarsamstarf, sérstaklega á tímum sem þessum.

Því er rétt að endurskoðun á mál-efnasamningi ríkisstjórnarinnar nái einnig til þess hvernig embættum er skipt og að Samfylkingin sem er eini flokkurinn á þingi með trúverðuga framtíðarsýn, taki við forystu þangað til boðað verður til kosninga í vor. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á forystuleysi nú. Gott væri ef Samfylkingunni byðust aðrir kostir um ríkisstjórnarsamstarf en þeir eru ekki fyrir hendi. Steingrímur J. Sigfússon er búinn að loka og læsa á Evrópu fyrir hönd VG og kominn í andstöðu við framtíðina. Þannig heldur hann Sjálfstæðisflokknum við stjórn og getur ekki friað sig ábyrgð af afleiðingum aðgerðarleysis þegar þær skella á þjóðinni.

Höfundur er borgarfulltrúi.

VIÐISIR
"...ég sá það á vísi"

Nýtt
í Skífunni!

Útgáfutónleikar
Buff á Nasa

Buff heldur útgáfutónleika á Nasa fimmtudaginn 20. nóvember. Húsið opnar kl. 20

Frítt inn!

SKÍFAN

Nýtt upphafi!

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

BUFF

SKYLDINGIN Á HVERJU HERRA!

FRÁBÆR JÓLA TILBOÐ

Á HP PRENTURUM OG PAPPÍR

SENDU ÚT PERSÓNULEG JÓLAKORT Í ÁR Á BETRA VERÐI



HP PHOTOSMART D5360

HP Photosmart D5360 er flottur ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi, prentar 32bls í svörtu og 24 bls lit á mín. 4 in 1 kortalesari og litaskjár. Hvort sem þú vilt prenta út ljósmyndir, prenta báðum megin á blöðin, eða prenta beint á geisladiska, þá er D5360 málið

12.990



HP PHOTOSMART D7260

4800x1200dpi, 3.5" snertiskjár, Prentar 34 bls sv. og 33 bls lit á mín

19.990



25 STK PHILIPS CD-R

25 stk Philips 52x áprentanlegir CD-R í spindil, 700mb

1.990



HP PREMIUM PLUS

HP Premium Plus Photo ljósmynda-pappír 10 x 15cm, 25 arkir

1.290



HP PREMIUM SATIN

HP Premium Satin A4 ljósmynda-pappír 240g/m2 20 arkir

1.990



HP DESKJET D4360

Ódýr og góður prentari, með 4800x1200dpi upplausn, prentar allt að 30 bls svörtu og 23 bls lit á mín. Þægilegur prentari fyrir heimilið

14.990



HP PHOTOSMART C4480

Flott fjölnotatæki með kortalesara sem prentar í 4800x1200dpi upplausn, allt að 30 bls í svörtu og 23 bls í lit á mín. Skannar og ljósritar

19.990



HP PHOTOSMART C5280

Fjölnotatæki með kortalesara sem prentar í 4800x1200dpi upplausn, allt að 32 bls svörtu og 24 bls lit á mín. Skannar og ljósritar

21.990

TÖLVULISTINN TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1760



Jóla skreytinga kvöld

í Blómavali Skútuvogi

miðvikudag 19. nóv
og fimmtudag 20. nóv
kl 20-22

Skreytingameistarar og starfsfólk Blómavals taka á móti gestum og sýna það nýjasta og flottasta í jóla skreytingum og skrauti. Uppákomur og kynningar.

Skráið ykkur
í síma 5 800 500 eða
á jol@blomaval.is

Takmarkaður sætafjöldi
- ókeypis aðgangur





NOKKUR ORÐ
Freyr Gígia Gunnarsson

Til Guðna og Bjarna

Íslendingar mega greinilega eiga von á hverju sem er. Fyrst sendir þingmaðurinn Bjarni Harðarson „óvart“ nafnlaust bréf til allra fjölmiðla þar sem tveir framsóknarmenn gera harða atlögu að Valgerði Sverrisdóttur, varaformanni Framsóknarflokksins. Bjarni skrifaði fjölmiðlum skömmu seinna, sagðist óvart hafa ýtt á vitlausan takka og það fjölmiðla um að notfæra sér ekki bréfið. Þeir urðu að sjálfsgöðu ekki við ósk hans. Tuttugu og fjórum stundum seinna hafði Bjarni Harðarson tilkynnt þingheimi að hann væri hættur.



Eins og það væri ekki nóg þá varð manni hálf bilt við þegar Guðni Ágústsson tilkynnti

þingheimi að hann væri líka hættur. Ekki bara sem þingmaður heldur líka sem formaður Framsóknarflokksins. Þá var mér eiginlega öllum lokið. Guðni farinn, hvað næst? Tveir þingmenn höfðu sagt af sér á innan við viku. Um var að ræða söguleg tíðindi. Ekki síst í ljósi þess að hvorugur sat í ríkisstjórn. Annar sendi frá sér nafnlaust bréf og hinn sagði: „Flokkurinn muni ekki rísa á ný fyrr en breytingar verði á forystu hans.“

Ég tek hattinn ofan fyrir þeim Guðna og Bjarna. Nú eru 61 eftir. Mér finnst afsögn þeirra hins vegar bara nokkuð sköndin í ljósi aðstæðna. Í báðum tilvikum eru þetta innanflokksmál sem verða þeim að falli en ekki hrun efnahagskerfisins, atvinnuleysisi eða ódaverðbólgan. Þetta sannar væntanlega hið fornkveðna; að menn bera hagflokka fremur fyrir brjósti sér en hag þeirra sem þá kjósa.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Yrsa mætt með hörkutrylli

BÓKMENNTIR

Auðnin

Yrsa Sigurðardóttir
Veröld

★★★★

Afbrigðskrimmi frá Grænlandi

Nýi krimminn hennar Yrsa Sigurðardóttur, Auðnin, er ári vel heppnaður. Höfundurinn hefur fram að þessu lítið fyrir tvennt í umtali manna: hún er ekki ein af rithöfundaslektinu, verkfræðingur sem víðurkennir fúslega að hún skrifi í tómstundum, og svo hefur hún rétt eins og Ólafur Jóhann Ólafsson mátt líða nokkuð fyrir vel útfærðar og heppnaðar auglýsingaherferðir úgefanda síns. Af þessum stækkandi hóp krimmahöfunda hér á landi, sem nálgast hratt tuginn: Ævar, Þráinn, Arnaldur, Jón Hallur, Gunnar Gunnarsson og fleiri minni spámenn, hefur þessum lesanda þótt heldur lítið til hennar koma sem stílista. Þóra lögfræðingur er raunar ekki spennandi hetja, heldur sérkennalítil persóna, ólíkt segjum drif-

fjörðrunum hjá strákunum. Lesandi hefur það sterklega á tilfinningunni að verkfræðingurinn leggi ekki mikið upp úr skáldlegum tilþrifum: hér er allt hversdagslegt í frásögninni, jafnvel flatt, en á móti kemur að meiri vinna er lögð í plottið.

Í þessari sögu er Þóra kölluð til Grænlands. Þangað fer hún að grafast fyrir um rannsóknarstöð útlends námafélags og íslenskra verktaka sem þar eru að vinna við tilraunaborun. Skammt frá er lítið þorp og þegar Þóra kemur á svæðið hrannast boðar upp. Plottið er þétt ofið, lætur ekki mikið yfir sér en Yrsa tekst mætavel að búa til spennu ofsóknar og einangrunar, halda lesanda í furðu og eftirvæntingu, á meðan hún leggur bjóð sín á ýmis mið: forneskju, hræðilegra örlaga alkohólisma og örvæntingar frumbyggja sem hún fjallar um af lofsverðri virðingu og skilningi: einelti skoð-

ar hún í þröngu rými vinnubúða og vinnuflokks. Hún dregur inn í söguna umhverfisvá, leitar aftur í söguna og lyktir sögunnar eru úthugsaðar og snjallar.

Þetta er sem sagt gott stöf og er útséð að sagan getur fyrir tilstilli góðra þýðenda náð langt á erlendum mörkuðum. Hún er með alþjóðlegu sniði. Víst vekur hún upp endurminningu af öðrum verkum, sögunni af Smillu og snjólestrinum, The Thing eftir þá Hawks og Carpentier, og illa er ég svikinn ef sagan endar ekki á hvíta tjaldinu, enda hér mótif og aðstæður nokkurra persóna sem kalla á fína leikara í hörkulegum og stórum trylli. Og þá er nokkuð efni í sögunni þótt höfundurinn hafi ekki ríkastan áhuga á stílnum, spennan og uppbygging fléttunnar er í fyrirrúmi. Og ekki dregur það úr að hér takast á heimar auðlegðar og fátæktar, uppgjafar og landnáms við hinar hrikalegustu aðstæður. Tæknin er



BÓKMENNTIR Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur og glæpasagnahöfundur.

alltaf nærri: á vef, ljósmyndum, sínum, blogg síðum. Þetta nýtir Yrsa sér af mikilli hugkvæmni og dregur lesandann þannig inn í andrúmsloft sem er til staðar þótt ekki sé það útmálað. Það er helst í stuttum köflum af innra lífi sem hún setur markið hærra: alkohóliseruð ung Inúíta-kona, aldraður veiðimaður, sonur hans sem er illa leikinn af brennivíni, íslenskur vinur hans á Vogu. Í þeim persónuleikabrotum má sjá kímín að fjölbreyttari gróðri, hröðum uppveiti á síðum höfundarins, skáldsins væri næst að segja. Þar liggur ánægjuleg framför og skilar ánægðum lesenda eftir váboða, dulúð og tryllingsspennum.

Páll Baldvin Baldvinsson

Alfreðs minnst

Í kvöld verður athöfn í veitingasal gamla Iðnós þar sem minnst verður aldarafmælis Alfreðs Andréssonar leikara. Alfreð fæddist 1908 og lést fyrir aldur fram 1955. Á þessum tímamótum hefur Leikminjasafnið látið taka saman minningarspjald um hann, líkt og það hefur áður gert um helstu frumherja leiklistar á síðustu öld en þau má skoða á www.leikminjasafn.is.



LEIKLIST Aldarafmælis Alfreðs Andréssonar er minnst í kvöld í Iðnó þar sem hann lék lengst af.

Alfreð var einn merkasti gamanleikari sem Íslendingar hafa átt, að sumra álitu sá merkasti. Lunginn í ferli hans var í revíusýningum frá 1940. Þá var hann vinsæll gamanvísnaðsöngvari. Ferill hans verður rifjaður upp í athöfninni í kvöld. Þar verða afhentir styrkir úr Minningarsjóði frú Stefaníu Guðmundsdóttur sem er elstur sjóða fyrir leikhúsfólk.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 18. nóvember 2008

→ Tónleikar

20.00 Jónskvöld Tónleikar til heiðurs Jóni Ásgeirssyni í Iðnó við Vonarstræti. Flytjendur eru Kvinnakór við Háskóla Íslands og Hljómeyki.

20.00 Píanódeild Tónlistarskólans í Reykjavík verður með tónleika í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

→ Fyrirlestur

12.00 Breski fatakönundurinn **Robert**

Cary-Williams heldur fyrirlestur um eigin verk í Opna Listaháskólanum, Skipholti 1. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er opinn öllum.

→ Uppákomur

19.30 Þriðjudagsþreifingar - Ungblind í Hinu Húsinu Farið verður í blindan göngutúr og gestir geta spurt spurninga og skyggst inn í heim blindra og sjónskertra. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

→ Útgáfutónleikar

21.00 Sverrir Norland og hljómsveit verða með útgáfutónleika á Rósenberg við Klapparstíg í kvöld. Aðgangur ókeypis.

ÞAKKARGJÖRÐAR
KALKUNN
Á HÓTEL CABIN



Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 27. og 28. nóvember.

Í hádeginu 27. og 28. nóvember.
Fimmtudagskvöldið 27. nóvember
og föstudagskvöldið 28. nóvember.

Verð einungis: **2.550 kr.** í hádeginu
2.950 kr. á kvöldin

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu.

Borðapantanir í síma 511 6030

Stærri hópar (50 manns eða fleiri) geta fengið salinn á 7. hæð út af fyrir sig.

HOTEL CABIN



Hefur þú lent í slysi?

Slys breyta öllum aðstæðum í starfi og leik.
Fáðu góð ráð – það kostar þig ekkert.

Við könnum rétt þinn á bótum!



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

Fulltingi þér við hlið / www.fulltingi.is

Nýtt í bíó

LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



QUANTUM OF SOLACE **TRAITOR** **MAMMA MIA!**

POWERSÝNING KL. 10:00

500 KR. SÍÐASTA SÝNINGARVIKA

SYNINGARTÍMAR		
TRAITOR	kl. 8 og 10.15	12
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5, 7.30 og 10 - POWER	12
REYKJAVÍK - ROTTERRDAM	kl. 10	12
LUKKU LÁKI - ÍSLENSKT TAL	kl. 6	L
MAMMA MIA - ATH 500kr.	kl. 6 og 8	L

MADAGASCAR 2

forsýnd um helgina



PASSENGERS **RESCUE DAWN** **FERDIN TIL TUNGLSINS**

ALFABAKKA			SELFOSS		
PASSENGERS	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12	QUANTUM OF SOLACE	kl. 8 - 10:20	12
PASSENGERS	kl. 8 - 10:20	VIP	THE WOMEN	kl. 8	L
HOW TO LOSE..	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12	HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. SÝND Á LAU OG SUN	L
RESCUE DAWN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	MAX PAYNE	kl. 10:20	16
FERDIN TIL TUNGLSINS 3D	kl. 6	DIGITAL-3D	AKUREYRI		
HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	HOW TO LOSE FRIENDS	kl. 8	12
EAGLE EYE	kl. 8 - 10:20	12	HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 8	L
EAGLE EYE	kl. 5:40	VIP	KEFLAVÍK		
KRINGLUNNI			JAMES BOND	kl. 8 - 10:20	12
PASSENGERS	kl. 5:50 - 8:30 - 10:30	12	MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 8	14
RESCUE DAWN	kl. 8 - 10:30	16	BABYLON A.D.	kl. 10:20	16
FERDIN TIL TUNGLSINS 3D	kl. 6	DIGITAL-3D	MADAGASCAR 2		
HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 6	DIGITAL			
SEX DRIVE	kl. 8:20 - 10:30	12			
JOURNEY 3D	kl. 8:20 - 10:30	L			

NÝTT Í BÍÓ!

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS! NÆST STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI!
43.000 MANNS Á 11 DÖGUM!

QUANTUM OF SOLACE

...MEÐ BETRI SPENNUMYNDUM ÁRSINS!
"BESTA SPENNUMYND ÁRSINS HINGAÐ TIL"
"FRÁBÆR VIÐBÓT VIÐ LENGSTU KVÍMYNDASERÍU ALLRA TÍMA OG GEFUR NÝLEGUM HÁSARMYNDUM EKKERT EFTIR"
"STANLAUS KEYRSLA FRÁ UPPHAFI TIL ENDA"
"FÝRSTA FLOKKS BOND-MYND"

LÚXUS



TRAITOR **QUARANTINE** **MY BEST FRIENDS GIRL**



MY BEST FRIENDS GIRL **THE WOMEN** **HOUSE BUNNY**

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		REGNBÖGINN SÍMI 551 9000	
QUANTUM OF SOLACE	kl. 4 - 5:30 - 6:30 - 8	QUANTUM OF SOLACE	kl. 6 - 8 - 10:10
QUANTUM OF SOLACE	kl. 9 - 10:30	MAKE IT HAPPEN	kl. 6 - 8
QUANTUM OF SOLACE LÚXUS	kl. 5:30 - 10:30	QUARANTINE	kl. 10
QUARANTINE	kl. 10:10	ÓDÝRT Í BÍÓ!	
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 5:40 - 8 - 10:20	TRAITOR	kl. 5:30 - 8 - 10:20
REYKJAVÍK - ROTTERRDAM	kl. 5:50 - 8	QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30 - 8 - 10:20
SKJALDBAKAN & HÉRIÐ	kl. 3:45	MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 5:45 - 8 - 10:15
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3:45	BURN AFTER READING	kl. 10:15
		HOUSE BUNNY	kl. 5:50 - 8

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA Á midi.is

FAÐR 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MED KREDITKORTI

Áfram með lífið í Höllinni

Stemningin var góð í Laugaraldalshöll síðastliðið laugardagskvöld þegar stórtónleikarnir Áfram með lífið voru haldnir.

Ókeypis var á tónleikana og gáfu allir listamennirnir sem og starfsmenn tónleikanna vinnu sína. Markmiðið var að fá þjóðina til að gleðjast saman þennan dag og voru fyrirtæki og sveitarfélög hvött til að taka þátt í deginum og gleðjast með tónlistarmönnum.

Deir sem stigu á svið voru: Lay Low, Sálín, Bubbi, Ný dönsk, Ham, Baggalútur, Buff, Ragnheiður Gröndal, FM Belfast, Poetrix og Stuðmenn.



FJÖLSKYLDA Ísak, Elisa, Daniel og Stefán fóru saman á tónleikana.



GAMAN Pau Íris, Björgvin og Guðbjörg skemmtu sér greinilega vel á tónleikunum.



LAY LOW Söngkonan Lay Low söng lög af sinni nýjustu plötu, Farewell Good Night's Sleep á tónleikunum.

Styttta Þrastar Leós týnd

„Ég veit ekkert hvar stytta hans Þrastar er. Á hann ekki annars svo margar? Ég sá Jóhann síðast með hana í partíinu. Annars óska ég honum Þrasti bara innilega til hamingju með sigurinn, hann er vel að honum kominn,“ segir Ólafur Darri Ólafsson leikari. Augljóslega í sáttarhug.

Eins og Fréttablaðið greindi frá sendu Ólafur og Jóhann Sigurðsson honum Þrasti Leó Gunnarssyni tóninn eftir að í ljós kom að þeir þrjú myndu berjast um Edduna í flokknum besti leikari í aukahlutverki. Allir léku

SVARTSYNN Þrastur er ekkert alltof bjartsýnn á að sjá styttuna sína í bráð.

þeir í sömu myndinni, Brúðgum-anum. Þrastur var nokkuð öruggur um sigurinn en þeir Jóhann og Ólafur voru pottþéttir á því að annar hvor þeirra myndi hreppa hnossið. Allavega yrði það ekki Þrastur.

Svo rann úrslitastundin upp og viti menn. Nafn Þrastar Leós kom upp úr umslaginu „Hann verður bara að ylja sér við upptökur af Eddunni, það verður eini vitnisburðurinn um að hann hafi unnið,“ segir Jóhann í samtali við Fréttablaðið. „Ég veit ekkert um styttuna, hún gufaði bara upp,“ sagði Jóhann og vildi lítið tjá sig um afdrif hennar.

Þrastur Leó var víðsfjarri þegar



HORFIN Eddu-Verðlaunin sem Ólafur Darri heldur á fyrir hönd Þrastar er horfinn. Hvorki hann né Jóhann vita hvar hún er niðurkominn.

tilkynnt var um sigur hans. Var að sýna Vestrið eina. Hann hafði reynt að ná tali af þeim Jóhanni og Ólafi Darra í allan gærdag, án árangurs. „Ég fékk bara að vita að ég hefði unnið á sms frá systur minni,“ segir Þrastur sem var ekkert sérstaklega bjartsýnn á að fá styttuna sína í bráð. „Nei, ætli hún verði ekki bara farandgripur hjá þeim tveimur í framtíðinni.“ -fgg

Síðasta sýningarvika

500 KR.

MAMMA MIA! THE MOVIE

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

TEKJUHLÆSTA MYND ALLRA TÍMA

500 kr. á allar sýningar



ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í VETUR



VARMA
of Iceland

SÖLUSTADIR:

Álafoss
Álafossvogi 23
Mosfellsbæ

Álfveríð
Hafnarstræti 4

Bláa Lónið
Grindavík

Ellingsen
Grandagarði 2

Fjarðarkaup
Hólshrauni 1b
Hafnarfirði

Handþrjónasambandið
Skólavörðustíg 19/
Laugavegi 44

Ísey
Klapparstíg 31

Íslandia
Kringlunni 4-12/
Bankastræti 10

Nettó
Akureyri, Mjódd og
Salavegi

Nóatún
Austurvegi 3
Selfossi

Rammagerðin
Hafnarstræti 19/
Flugstöð Leifs
Eiríkssonar

Thorvaldsens-
félagið Basar
Austurstræti 4

Ull og Gjafavörur
Hótel Sögu

Verlanir Hagkaupa
Verlanir Húsasmiðjunnar
Verlanir Samkaupa

Víkingur
Hafnarstræti 104 Akureyri/
Hafnarstræti 3 Reykjavík

Mikið álag á Haukum sem eru svekktir út í Akureyringa sem vilja ekki fresta:

Vilja nýta stemninguna á Akureyri

HANDBOLTI Það er mikið álag á Íslandsmeisturum Hauka þessa dagana. Þeir eru nýkomnir heim eftir afar langt og strangt ferðalag til Úkraínu. Á morgun mætir liðið Akureyri fyrir norðan en á fimmtudagsmorgun flýgur liðið út til Ungverjalands þar sem það mætir Fotex Veszprém í Meistaradeildinni um helgina.

Haukar fóru fram á frestun á leiknum þar sem þeir þurfa nánast að keyra beint til Keflavíkur eftir leikinn fari svo að ekki verði flogið suður. Þeir sóttu því um frestun en Akureyringar vildu ekki verða við þeirri bön.

„Við sóttum um síðasta miðvikudag þegar ljóst var hvernig þessi ferðalög verða og þar sem við getum hugsanlega misst af fluginu á fimmtudagsmorgun. Við ætlum að fara á föstudegi en þá var ekki laust þannig að við verðum að fara á fimmtudag. HSÍ tók ágætlega í þetta en Akureyringar settu sig algjörlega upp á móti þessu,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, en hann telur spila inn í ákvörðun Akureyringa að auðveldara sé að mæta Haukum í því álagi sem er á þeim þessa dagana.

„Mér hefði fundist allt í lagi að fresta þessum leik enda þarf oft að fresta leikjum með Akureyri og Vestmannaeyjar með nokkurra klukkutíma fyrirvara. Þeir hafa svo sem áður verið ólöglegir í þessu og það er fúlt að okkur sé ekki mætt með skilningi,“ sagði Aron frek-



ÁLAG Aron Kristjánsson (stærri mynd) og lærisveinar hans eru á heimsferðalagi þessa dagana og hefðu gjarna viljað fresta ferð til Akureyrar. Rúnar Sigtryggsson (minni mynd) segir sína menn vilja spila.

ar svekktur. Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, segir eðlilegar ástæður á bak við að þeir vilji ekki fresta leiknum á morgun. „Af hverju eigum við að gera það þegar haft er samband með viku fyrirvara? Þeir vissu hvernig landslagið var fyrir löngu síðan og þetta er þess

utan eini heimaleikur okkar í þrjá mánuði og það er verið að bíða eftir honum. Mikill áhugi og meira að segja byrjuð forsala á miðum sem hefur nú ekki gerst áður,“ sagði Rúnar en Akureyringar eiga ekki heimaleik fyrir en í lok janúar eftir þennan leik. Þess utan er Árni Þór Sigtryggsson á leið uppskurð í lok nóvember og gæti því ekki leikið í desember.

„Það hefur eðlilega líka aðeins við fram á að fá mikið af áhorfendum og viljum nýta stemninguna sem er í gangi,“ sagði Rúnar Sigtryggsson að lokum.

Cristiano Ronaldo með sjálfstraustið í góðu lagi: Ég er sá besti í heiminum

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo er sammála flestum sparkspekingum um að hann sé líklegur til þess að verða valinn besti knattspyrnumaður heims.

„Ég er besti, næstbesti og þriðji besti leikmaður heims,“ sagði Ronaldo léttur í samtali við brasilískt dagblað.

„Það eru aðrir góðir á þessum lista eins og Kaká, Messi og Torres. Annars tel ég mig hafa gert allt sem þarf til þess að vinna þessi verðlaun

og ég vil halda áfram á sömu braut. Mitt markmið er ávallt að vinna allt sem er í boði.“

Ronaldo þykir líklegur þar sem hann fór á kostum með Man. Utd síðasta vetur þar sem Man Utd vann ensku deildina sem og Meistaradeildina.

- hbg



RONALDO Er góður, vinsæll og veit af því. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



MEIDDIR Frank Lampard og Steven Gerrard spila ekki með enska landsliðinu gegn Þjóðverjum á morgun. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Mikil meiðslavandræði í enska landsliðinu:

Gerrard og Lampard fjarri góðu gamni

FÓTBOLTI Fabio Capello, landsliðsvaldur Englinga, getur ekki stíllt upp enska sterkasta liði í æfingaleiknum gegn Þjóðverjum á morgun. Þeir síðustu til að ganga úr skaftinu voru stórstjörnurnar Frank Lampard og Steven Gerrard. Lampard er slappur í rifbeinum en Gerrard er meiddur í nára.

Í þeirra stað hafa verið valdir Jimmy Bullard frá Fulham og Scott Parker frá West Ham. Óttast var að John Terry gæti ekki leikið en hann verður væntanlega klár á leikdag.

Gerrard lét sjá sig á æfingarsvæði enska landsliðsins þrátt fyrir meiðslin þar sem læknar enska landsliðsins staðfestu meiðsl hans en Gerrard lék allar 90 mínúturnar gegn Bolton um helgina þrátt fyrir meiðslin.

BBC hafði heimildir fyrir því að Capello hefði verið afar óhressur en Liverpool dró Gerrard úr landsliðshópnum fyrir leikina gegn Andorra og Króatíu til að fara í aðgerð. Hann vildi því fá sína

menn til að kíkja á Gerrard. Á meðal annarra leikmanna sem vantar í enska landsliðið eru Rio Ferdinand, Wayne Rooney, Wes Brown, Ashley Cole, Joe Cole og Emile Heskey. Þar af leiðandi getur Capello líklega aðeins valið fjóra af fastamönnum liðsins í byrjunarliðið er það spilar í höfuðborg Þýskalands í fyrsta skipti síðan 1972.

Margir stjórar í ensku deildinni hafa gert lítið úr þessum leik og hafa sagt hann óþarfan. Því er Michael Carrick, miðjumaður Man. Utd, ósammála.

„Þú getur spurt hvaða leikmann sem er um leiki Englands og Þýskalands. Það er alltaf risaleikur og draumaleikur fyrir landsliðsmenn,“ sagði Carrick. „Ég horfði á þessa leiki með stjórnur í augnum sem ungur maður og það er mikill heiður að fá að taka þátt í slíkum leik. Þetta er England á móti Þýskalandi á Ólympíuleikvanginum í Berlín. Það vilja allir leikmenn taka þátt í slíkum leik,“ sagði Carrick.

- hbg

LEIKLIST / FRAMKOMUFRÆÐI
Viðurkennt tveggja ára nám.
100% lánshæft hjá LÍN.

SKRÁNING STENDUR YFIR!
Kvikmyndaskóli Íslands er skemmtilegur og krefjandi skóli sem menntar fólk og krefjandi skóli til skapandi starfa.

www.kvikmyndaskoli.is

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

Gleðilegt jólahlaðborð

HÓTEL ÖRK

Jólahlaðborð á Hótel Örk

Eigðu ógleymanlega kvöldstund á okkar sívinsæla jólahlaðborði

- Stórsöngvaramir og skemmtikraftarnir í duett.is sjá um veislustjórn af sinni alkunnu snilld
- Opinn bar og lifandi tónlist að borðhaldi loknu
- Tónlistarfutningur í höndum Hreims og féлага
- Tilvalið fyrir fyrirtæki, hópa, pör og einstaklinga

Verð:
Gisting, borðhald og skemmtun 11.900 kr. á mann í tvíþýli

Borðhald og skemmtun 6.900 kr. á mann

Farðu inn á jolahladbord.is til að skoða matseðilinn, fá nánari upplýsingar og panta.

Hótel Örk - Breiðumörk 1c - Hveragerði - Sími 483-4700 - Fax 483-4775 - hotel-ork.is

HÓTEL ÖRK

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20
Two and a Half Men

Fimmta röðin af þessum vinsælu þáttum um Charlie Harper sem lifði í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilinn, með son sinn Jack. Alan vinnur við að skipuleggja brúðkaup Evelyn og Teddys en ekkert stöðvar Charlie í því að ná sér í konu þó að hún sé verðandi stjúpstir hans.



► **VIÐ MÆLUM MED**
Skrekkur

Skjár einn kl. 19.00
Bein útsending frá árlegri hæfileika-keppni nemenda í 8. til 10. bekk í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins. Þegar hafa fjórar forkeppnir farið fram en það verða bara átta bestu skóla-liðin sem berjast um titilinn. Í þessari keppni fær æska landsins tækifæri til að sýna hvað í henni býr. Allar listgreinar og hvers konar skemmtiatriði eru leyfileg og lengd skemmtiatriða er frá 2 mínútum til 7 mínútna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Heimsauga
06.40 Veðurfregnir	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.16 Auðlindin
10.03 Veðurfregnir	18.23 Fréttayfirlit og veður
10.13 Músík og mas	18.26 Spegillinn
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.00 Endurómur úr Evrópu
12.00 Fréttayfirlit	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Útlínur
12.20 Hádegisfréttir	21.00 Í heyranda hljóði
12.45 Veðurfregnir	22.07 Veðurfregnir
13.00 Vltt og breitt	22.12 Orð kvöldsins
14.03 Stef	22.15 Fimm fjórðu
15.03 Útvarpssagan: Bulgari sambandið	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks** (61:260)
- 16.30 Hollyoaks** (62:260)
- 17.00 Seinfeld** (2:24)
- 17.30 Ally McBeal** (22:23)
- 18.15 The War at Home**
- 18.35 Kenny vs. Spenny** (11:13)
- 19.00 Hollyoaks** (61:260)
- 19.30 Hollyoaks** (62:260)
- 20.00 Seinfeld** (2:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunarsamur og sérvitur.
- 20.30 Ally McBeal** (22:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
- **21.15 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglöngana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldramir ekki hlutina með sömu augum og unglöngamir.
- 21.35 Kenny vs. Spenny** (11:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvort annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblusölu og kossakeppni. Þeir svífast einskis til að sigra hvorn annan og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
- 22.00 Men In Trees** (7:17)
- 22.45 Journeyman** (6:13)
- 23.30 The Unit** (17:23)
- 00.15 Help Me Help You** (6:13)
- 00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

- INN**
- 20.00 Hrafnaping** Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
 - 21.00 Grasróttin** Umsjónarmaður er Daníel Haukur Arnarson sem ræðir við forvígismenn Vinstri grænna.
 - 21.30 Guðjón Bergmann** Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

- DR 1**
- 12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Aldrig mere fængsel **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM **15.30** Daffys kalkunkammerat **15.35** Ninja Turtles. Tidsreisen! **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Mig og min familie **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Wallander **22.30** Sommer **23.30** Seinfeld

- NRK1**
- 12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Hairy Bikers kokebok **13.35** Allo, Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Avd. Barn **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Røst **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Dykk Ólli, dykk! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Jordmødrene i Sverige **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** 4-4-2. Bakrommet. Fotballmagasin **23.25** Maze kommer tilbake

- 1* SVT 1**
- 11.35** Toppform **12.50** I lapplandsbjörnens rike **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Lilla sportspelelin **16.00** Tess och Ubbe **16.10** Yokoi Jakamoko! Totó! **16.15** Slut för idag... tack för idag **16.30** Piggley Winks äventyr **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturmyhetera **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Packat & klart **19.30** Andra Avenyn **20.00** Dom kallar oss artister **20.30** Morgonsoffan **21.00** A Mighty Wind **22.30** Kulturmyhetera **22.45** Höök **23.45** Sändningar från SVT24

20%



læggra verð um allt land!




Höfum það notalegt í skammdeginu. Nú færðu rjómann frá MS á 20% lægra verði í næstu verslun.

Gerðu það gott með rjóma frá MS.



HVÍTA HÚSID / SÍA

RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU MARKAÐUR

Við framlengjum
Perlumarkaðinn
í Norðlingaholti
til 23. nóvember

**PÖKKUM
FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR**

Opnunartími
frá 12 - 18 alla daga
fram á sunnudag



Útsöluvörur frá

Frábærar vörur í jólapakkann

Kaupfélagið

skór.is

STEINAR WAAGE

| ecco

BLEND



Clarks

SKECHERS

Rbk

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



BAKPANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir

Blind og geld

Í OKTÓBER var Davíð Oddsson seðlabankastjóri spurður að því í Kastljósi hvort til greina kæmi að hann léti af embætti. Því svaraði Davíð: „Það hefur enginn nefnt það við mig en ég hef bara svona séð þetta en ef ég teldi mig hafa unnið til þess þá væri það sjálf-sagt.“

ALBERT Guðmundsson sagði af sér ráðherraembætti 1987 vegna greiðslna sem fyrirtæki hans fékk frá Hafskipum og höfðu ekki verið taldar fram. Guðmundur Árni Stefánsson sagði af sér embætti sem heilbrigðisráðherra árið 1994 eftir harða gagnrýni á embættis-færslur. Árni Johnsen segir af sér þingmennsku 2001 og var í kjölfarið dæmdur fyrir auðgunarbrot. Þórólfur Árnason borgarstjóri tók á sig syndir olufélaganna árið 2004 og sagði af sér. Bjarni Harðarson sagði svo af sér þingmennsku eftir að hafa orðið á tæknileg mistök í bókstaflegri merkingu. Guðni Ágústsson fylgdi svo á eftir Bjarna og segir af sér formennsku í Framsóknarflokknunum og þingmennsku vegna þess að hann taldi að endurreisn yrði ekki í flokknum án breytinga á forystu.

ROBERT Z. Aliber prófessor, sem hefur sérhæft sig í kreppum, segir að hvergi í heiminum hafi jafn alvarleg bankakreppa riðið yfir og hér stefnir í. Staðan hafi verið með ólíkindum og efnahagur bankanna var um það bil tólf sinnum meiri en landsframleiðslan. Ótrúlegt væri að enginn hefði tekið í taumana af þeim sem áttu að bera ábyrgð, svo sem eigendur, eftirlitsaðilar eða ráðamenn. Enginn hefði hlustað á varnaðarorð.

ÞAÐ hriktir í stöðum íslensks samfélags. Hvað gerir Geir Haarde? Hann stofnar nefnd um Evrópumál, leyfir sér að vefengja fullyrðingu fréttamanns um að þjóðin hafi beðið ómælanlegan álitshnekki með uppgerðarflónsku og dónaskap. Hann sér enga ástæðu til að segja af sér, ekki frekar en Árni Mathiesen, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Allir líta þeir á sig sem áhrifamenn og leyfa sér að neita að svara eða láta eins og svalir tappar í tónlistarblöðum. Ingibjörg Sólrún sér heldur enga þörf af afsögnunum og finnst krafan jafngilda því og að kasta skylmingaþrælum fyrir ljón. Ætli við séum þá ekki lýðurinn sem vill brauð og leika.

EF til vill gæti Framsóknarflokkurinn náð fylgi í næstu kosningum með slagorðinu „Framsókn, flokkur sem axlar ábyrgð“. Að minnsta kosti gerir það enginn annar.



GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 18. nóvember, 323. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.07	13.13 16.18
Akureyri	10.09	13.58 15.46

Heimild: Almanak Háskólans



Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantaníir: 588-2100 / duna@islandia.is

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnpokaplássi
kr. 2.000 nóttin

NYJA ÍSLAND!

ÖDÝRIR BÍLAR FYRIR SKYNSAMA BÍLAKAUPANDANN



FRÁBÆRT TILBOÐ Á BÍLALEIGUBÍLUM

Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar. Allir bílaleigubílar með 5 ára ábyrgð frá skráningardegi. Við erum í samningaskapi um frábært verð á næstum nýjum notuðum bílum. Komdu á Klettháls og kynntu þér vandaða og vel með farna notaða bíla af ýmsum gerðum.

Við erum í samningaskapi!

VW Polo Comfortline 1,4



Nýskráður júní 2007
Beinskiptur, ekinn 33.000 km.

Ásett verð:
1.560.000

Skoda Octavia 1,9 TDI



Nýskráður maí 2007
Beinskiptur, ekinn 47.000 km.

Ásett verð:
2.190.000

VW Golf Comfortline 1,6




Nýskráður júní 2007
Beinskiptur, ekinn 49.000 km.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ Á ÖLLUM
BÍLALEIGUBÍLUM

Sjáðu auglýsinguna á www.heklanotadirbilar.is

ÉG TEK SLÁTUR OG FINNST
ÞAÐ BARA LÚMSKT GOTT.

ÞAÐ ER SNIÐUGT. ÉG KEYPTI
MÉR NOTAÐAN BÍL HJÁ HEKLU.
ÞAÐ ER ENNÞÁ SNIÐUGRA.



Opið 10-18 virka daga | Opið 12-16 laugardaga

Klettháls | sími 590 5044 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

